Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness sinnir þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf auk almennrar upplýsingagjafar um starfsemi Reykjavíkurborgar. Þjónustumiðstöðin ber ábyrgð á framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og þar fer fram faglegt samstarf með áherslu á samþætta þjónustu. Heilsugæslustöð er staðsett við Bíldshöfða.

4.6 ÖRYGGI OG HEILSA

Rammaskipulag Elliðaárvogs - Ártúnshöfða hverfist að miklu leyti um fyrirhugaðan Samgöngu- og þróunarás. Samgönguskipulag og byggðamynstur hverfisins stuðlar að vistvænum samgöngum sem draga úr loft- og hávaðamengun ásamt því að hvetja til aukinnar líkamlegrar hreyfingar í daglegu lífi. Almennum leiksvæði og dvalarsvæði eru staðsett á friðsælum stöðum og hverfinu er þjónað af skilvirku neti göngu- og hjólastíga. Með nærþjónustu og góðum tengslum við stór útivistarsvæði er stuðlað að aukinni skilvirkni hverfisins og bættri lýðheilsu.

4.7 ALGILD HÖNNUN

Mannvirki og almenningsrými skulu vera aðgengileg öllum og taka skal sérstakt tillit til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við og hönnun húsbygginga og almenningsrýma, í samræmi við byggingarreglugerð um aðgengi fyrir alla.
Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komast inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður eins og t.d. eldsvoða.
Hönnuðir skulu fara eftir viðeigandi reglugerðum og leiðbeiningum við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

4.8 HÖNNUN MANNVIRKJA

Í stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, Menningarstefnu í mannvirkjagerð, kemur fram að „Byggingarlist er fjárfesting til langs tíma. Mannvirki, sem vandað er til, ávaxtar þá fjármuni sem í það er lagt, hvort heldur litið er til lægri viðhalds- og rekstrarkostnaðar eða sveigjanlegra fyrirkomulags og notagildis á líftíma þess. Þá hefur vönduð byggingarlist og góð borgarrými aðdráttarafl á einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Á tímum þegar fólk og fyrirtæki eru mjög hreyfanleg er mikilvægt að bjóða upp á aðlaðandi kost til búsetu og vaxtar.“ Enn fremur að „Góð hönnun skilar virðisauka fyrir Ísland og eykur arðsemi bygginga.“

Gerð er krafa um viðeigandi fagmenntun hönnuða bygginga, innviða og mannvirkja. Útfærsla göturýma, garða, almenningsrýma, brúarmannvirkja og sjávarkanta skal vera leidd af teymi landslagsarkitekta, arkitekta, verkfræðinga. Auk þess er gert ráð fyrir að listamenn komi að mótun almenningsrýma.
Til að stuðla að fjölbreytni og uppbroti í byggðamynstri er gerð krafa um að sami arkitekt fari ekki með hönnun bygginga á tveimur aðliggjandi lóðum innan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd 20. Fyrirmyndir aðgengi allra

5 ALMENNINGSRÝMI

Í þéttri byggð gegna almenningsrými veigamiklu hlutverki. Skipulagið gerir almennt ráð fyrir randbyggð, með skjólgóðum inngörðum og bæjarrýmum auk útivistarsvæða við árbaka og strönd og belti votlendis neðan Ártúnshöfða. Ennfremur gegna grunn- og leikskólalóðir veigamiklu hlutverki í hverfinu.

Útfærsla skipulagsins einkennist af sterkri áherslu á vandað yfirbragð almenningsrýma, borgarmiðað gatnakerfi, heildstæðar götumyndir og vistvænar áherslur. Almenningsrými er mikilvægur þáttur í samfélagi þar sem ásýnd þeirra hafa áhrif á upplifun okkar.

Almenningsrými, götur, stígar og opin svæði er í eigu og umsjón Reykjavíkurborgar. Vísað er til Hönnunarhandbókar Elliðaárvogs-Ártúnshöfða og skilmálaheftis hvors svæðis fyrir sig varðandi útfærslur framangreindra borgarrýma.

Tryggt skal að hönnun verði í samræmi við algilda hönnun með auðveldu og einföldu aðgengi að húsnæði og lóðum. Það felur meðal annars í sér að sérstök áhersla er á vandaða hæðarsetningu og frágang á yfirborði, jöðrum og köntum.
Uppfylla þarf kröfur um lang- og hliðarhalla á stígum og bílastæðum utan lóða samkvæmt leiðbeiningum Vegagerðarinnar og við innganga og á dvalarsvæðum innan lóða samkvæmt leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Tryggja þarf að stígar séu vel færir allt árið. Vara þarf við hæðarmun, þrepum og stöllum bæði sjónrænt og með yfirborðsmerkingum en merkingarnar þurfa að vera í samræmi við reglur um lita- og áferðarmun. Réttar merkingar við hindranir þurfa að vera til staðar, sjá nánar handbók Aðgengi fyrir alla.

Vanda þarf lýsingu og staðsetja ljósastólpa og annan lýsingarbúnað í samræmi við algilda hönnun. Forðast skal endurkast og lýsa það sem þarf að sjást með réttum áherslum. Opin svæði og almenningsrými skulu vera upplýst með lágstemmdri lýsingu og nýta skal lýsingu til að styrkja áhugaverða upplifun. Lýsing í náttúrulegu landslagi og á grænum svæðum skal einnig vera lágstemmd og glýjulaus ásamt því að tryggja öryggi vegfarenda, sjá nánar í kafla 6 um.

Sérmerkt bílastæði skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Einnig þurfa bekkir með bak og armstuðningi og hæfilegu bili milli bekkja að vera til staðar. Lýsing í náttúrulegu landslagi og á grænum ásum skal vera lágstemd og glýjulaus ásamt því að tryggja öryggi vegfarenda,

Við hönnun og útfærslu allra almenningsrýma og gatna skal lögð sérstök áhersla á:


- Heildaryfirbrag hverfisins og efnisval
- List í almenningsrýmum
- Leiksvæði, þemavelli og áfangastaði
- Gróður, trjárækt og líffræðilegan fjölbreytileika
- Skipulag við sjó og strandsvæði
- Ofanvatnslausnir
- Samþættingu ferðamáta

Vísað er í Hönnunarhandbókar Elliðaárvogs Ártúnshöfða hvað varðandi útfærslur almenningsrýma, götur, stíga og opin svæði sem er í eigu og umsjón Reykjavíkurborgar og lesist samhliða þessum greinargerðum.

Við hönnun borgarlands skal forgangsraða plássi á eftirfarandi máta:

1. Gangstéttar
2. Almenningssamgöngur
3. Hjólastígar
4. Torg, dvalarsvæði, almenningsrými
5. Gróður og regnvatnslausnir
6. Götugögn
7. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða
8. Deilisamgöngur
9. Vörulosun og leigubílastæði
10. Bílastæði

Ekki skal staðsetja atriði frá nr. 5 til 10 fyrir framan innganga húsa, við innganga porta og undirganga, við djúpgáma eða við göngustíga sem liggja inn á lóðir af borgarlandi.



Mynd 21. Ferðavenjur

5.1 LEIKSVÆÐI OG ÁFANGASTAÐIR

Leiksvæðastefna Reykjavíkur er til grundvallar útfærslu leiksvæða Ártúnshöfða við Elliðaárvog. Leiksvæði skuli uppfylla reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim með síðari breytingum. Auk þess þurfi leiktæki að uppfylla kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177.


Kvöð um leiksvæði er innan flestra lóða, auk þess sem gert er ráð fyrir leiksvæðum á borgarlandi við og á áherslustöðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að grunn- og leikskólalóðir þjóni sem leiksvæði.

Áfanga- og torgsvæði á borgarlandi eru einnig í tengslum biðstöð borgarlínu og áherslustaði við sjóinn

Þá gerir rammaskipulag Elliðaárvogs og Ártúnshöfða ráð fyrir stórum hverfisgarði á Geirsnefi.

6 LJÓSVIST


Ljósmengun er algengt vandamál í borgum víðs vegar um heiminn og verður til af óagaðri og óskipulagðri lýsingu. Verkís hefur unnið minnisblað um myrkurgæði í hverfinu, dagsett 2.3.2021.



Mynd 22. Ljósmengun

Mynd 22 sýnir helstu þætti ljósmengunar. Skermun er takmörkuð og dreifist því ljósið langt út fyrir eiginlegt lýsingarsvæði. Á myndinni sjást vel þau fjögur ljósmengunaratriði sem þarf að hafa í huga við varðveislu myrkurgæða án þess að skerða lýsingu þess svæðis sem lýsa skal. Það eru ljóshjúpur, ágeng lýsing, glýja og oflýsing.

Nálgast skal lýsingu á heildrænan hátt svo hún sé í samhengi við umhverfi sitt og virki sem samþættandi þáttur í næturásýnd byggðarinnar. Hægt er að ná góðum birtugæðum með því að nota þá eiginleika og dreifingu ljóss sem er viðeigandi í hverju tilviki fyrir sig. Það er sérstaklega mælt með því að nota ljósgjafa sem valda sem minnstri glýju. Hönnun lýsingarkerfa þarf að miðast við að koma í veg fyrir ágengt ljós við byggingar ásamt óþarfa ljósmengun (Mynd 22 og 23). Til að koma í veg fyrir glýju og truflun á næturásýnd byggðarinnar þarf að fela ljósgeisla eins vel og kostur er. Varast skal sérstaklega björt ljós vestast á svæði 2, nálægt Elliðaánum og Elliðaárvogi þar sem það getur truflað farfiska og annað lífríki.



Mynd 23. Ljósadreifing

Mynd 23 sýnir muninn á dreifingu ljóss.
A: Rangt
B: Þolanlegt
C: Best

Litarhitastig (CCT) er hægt að nýta til að greina á milli mismunandi svæða og stigskiptra götutegunda (Tafla). Mikilvægt er að tekið sé tillit til líffræðilegra áhrifa litarhitastigs á manneskjur og dýralíf.
Viðhafa skal góða litarendurgjöf (CRI) sem er að minnsta kosti Ra70 eða hærri til að tryggja fullnægjandi sjónræn áhrif.

TAFLA 1 - Áhrif mismunandi birtu á andrúmsloft eftir litarhitastigi (CCT) ljóss.

LITARHITASTIG	HEITUR HVÍTUR	MJÚKUR HVÍTUR	HLUTLAUS	KALDUR	MJÚKT DAGSLJÓS	DAGSBIRTA
KELVIN	***2700K***	***3000K***	***3500K***	***4100K***	***5000K***	***6500K***
ANDRÚMSLOFT OG ÁHRIF	VINALEGT PERSÓNULEGT NÁIÐ	MJÚKT HLÝLEGT ÁNÆGJULEGT LÉTT	VINALEGT AÐLAÐANDI ÞÆGILEGT	SNYRTILEGT HREINLEGT SKILVIRKT	SKÆRT VÖKULT	SKÆRT SVALT

Evrópustaðlaröðin ÍST-EN 13021 1-5:2014/15 skal notuð sem grunnviðmið við flokkun götulýsingar. Hins vegar skal lýsing fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur vera að minnsta kosti jafnmikil eða meiri en á aðliggjandi samsíða vegum.
Notast skal við Evrópustaðalinn ÍST-EN 12464-2:2014 fyrir utanhússlýsingu sem grunnviðmið fyrir alla aðra útilýsingu. Opin svæði eins og t.d. torg, stígar og græn svæði bjóða uppá möguleika fyrir skapandi lýsingu sem hægt er að nýta til að auka umhverfisgæði og gera með því umhverfið aðlaðandi fyrir íbúa og aðra vegfarendur. Lýsing sem er sérstaklega skipulögð og hönnuð fyrir byggingar og framhliðar húsa er mikilvægur þáttur til að skapa karakter og umgjörð sem eykur gæði mannlífsins eftir að skyggja tekur. Mikilvægt er þó að gæta hófs í notkun þátta eins og lita og/eða hreyfanlegra ljósa af virðingu við svæðið, karakter þess og samhengi. Lýsing á framhliðar húsa og aðrar útstillingar skal vera í samræmi við svæðisflokkunina CIE-S-015:2005 eins og fram kemur í minnisblaði Verkís um myrkurgæði í hverfinu, dagsettu 2.3.2021.
Hvað varðar náttúruleg svæði, þá er sérstaklega mælst til þess að myrkursvæði séu varðveitt eins og mögulegt er um leið og öryggi vegfarenda er tryggt með ákjósanlegri lýsingu.
Nauðsynlegt er að viðhafa samráð við bæjaryfirvöld varðandi notkun ljósa- og auglýsingaskilta og skal notkun þeirra alfarið takmörkuð við miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Leyfileg ljósa- og auglýsingaskilti skulu aldrei fara yfir þau mörk sem gefin eru upp í svæðisflokkun CIE-S-015:2005 fyrir viðeigandi ljóma á lóðréttum fleti eins og fram kemur í ofangreindu minnisblaði Verkís um myrkurgæði.
Ártúnshöfði við Elliðaárvog, fellur annars vegar í svæðisflokk E4 (deiliskipulagsvæði 1) sem mikið upplýst svæði í þéttbýli og svæðisflokk E3 (deiliskipulagssvæði 2) sem meðal upplýst svæði í úthverfi.

Að öðru leyti er vísað í leiðbeiningar um ljósvist í ljósvistarskipulagi Reykjavíkurborgar sem er í vinnslu.

7 SAMGÖNGUR

Í gildi er Samgöngustefna Reykjavíkur, Samgöngustefna fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, Loftslagsstefna Reykjavíkur, Umhverfis- og Auðlindastefna Reykjavíkur og Hjólreiðaáætlun þar sem nánar er kveðið á um markmið og aðgerðir í samgöngumálum borgarinnar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur eru skilvirkar og öruggar samgöngur án umfangsmikilla gatnaframkvæmda markmið.

Þrátt fyrir verulega breytingu í samgöngumálum með uppbyggingu Borgarlínu verður einkabíllinn að líkindum áfram fyrirferðarmikill í umhverfinu, en umhverfisvænni og fyrirferðarminni.

Lögð er megin áhersla á vistvænar samgöngur í samgöngukerfi Ártúnshöfða við Elliðaárvog. Umferð gangandi og hjólandi er í forgangi og almenningssamgöngur skulu vera aðgengilegar, áreiðanlegar og öruggar. Stígakerfi tengist stígakerfi aðliggjandi útivistar- og íbúðarsvæða, Ártúnshöfða, Elliðaárvog, Grafarvogi, Elliðaárdal og Vogabyggð.

Rammaskipulag gerir ráð fyrir nýrri aksturstengingu við Gullinbrú til að tengja Bryggjuhverfi betur við byggð í Grafarvogi. Hún fer í gegnum vegfyllinguna og inn á Gullinbrú til norðurs og suðurs. Sú tenging er utan skipulagssvæðis deiliskipulags Bryggjuhverfis vestur.

Miðað er við að umferðarhraði hverfisins verði takmarkaður. Á Sævarhöfða og Stórhöfða er miðað við 40 km/klst. Lítill umferðarhraði eykur til muna umferðaröryggi sem hvetur til notkunar vistvænna ferðamáta sem gerir götur meira aðlaðandi.

Í Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur eru settar fram reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík eftir svæðum. Samkvæmt stefnunni er deiliskipulagssvæðið á SVÆÐI I og viðmiðin 0.25 - 0.75 stæði/íbúð, gildið fer eftir fjölda herbergja og starfsemi. Unnið var samgöngumat fyrir Elliðaárvogur - Ártúnshöfði (mars 2021) samhliða deiliskipulagi. Í samgöngumati er lokafjöldi bílastæða ákvarðaður þar sem tekið er tillit til aðgengis að almenningssamgöngum, samnýtingar bílastæða, tækifæra fyrir deilibíla/-hjól og innleiðingar samgöngustefnu (Bíla- og hjólastæðastefna, 2018). Í deiliskipulagi er sýnd leiðbeinandi staðsetning hjólastæða við götur annars vegar og hins vegar settar fram kröfur fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Með áherslu á vistvæna ferðamáta gefst tækifæri til að fækka heildarfjölda bílastæða.

Tryggja skal öruggar gönguþveranir samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti, þar sem megin göngustígar þvera akstursleiðir. Yfirborð gönguþverana skal vera hraðadempandi og í sömu hæð og aðliggjandi göngustígar. Tryggja skal öruggar sjónlengdir og lýsingu. Nota skal lýsingu við götu sem veitir vegfarendum öryggistilfinningu, um leið og ljósmengun er haldið í lágmarki. Byggt skal á viðmiðum sem gefin eru upp í kafla 6 um ljósvist.

Ártúnshöfði við Elliðaárvog, svæði 2 liggur vel við samgöngukerfum Reykjavíkurborgar:

- Stofnstígakerfi Reykjavíkurborgar tengist skipulagssvæðinu til austurs og vesturs.
- Svæðið er í tengslum við Gullinbrú og Vesturlandsveg
- Borgarlína liggur í gegnum deiliskipulagssvæðið
- Auk ofangreindra samgöngumáta, eru möguleikar á að þróa samgöngur á sjó í tengslum við síðari deiliskipulagsáfanga rammaskipulags Elliðaárvogs og Ártúnshöfða.

8 ORKA OG AUÐLINDIR

Umhverfis- og auðlindastefna Aðalskipulags Reykjavíkur liggur til grundvallar skipulagi Elliðaárvogs - Ártúnshöfða. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni: „Byggingar og önnur mannvirki eru viðamestu notendur náttúrulegra auðlinda og stór hluti losunar gróðurhúsaloftegunda er frá byggingum og framleiðslu byggingarhluta. Val á byggingarefnum og byggingartæknilegum útfærslum getur stuðlað að bættu visthæfi bygginga og hverfa, bætt heilsu íbúa og aukið öryggi á byggingarstað. Val á byggingarefnum á að taka tillit til visthæfis og ýta undir framþróun í vistvænni byggingartækni.“ (Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030).

8.1 VATNS- OG ORKUNOTKUN

Vatn er auðlind sem ber að nýta á ábyrgan hátt með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Rétt meðhöndlun ofanvatns getur skipt sköpum fyrir vistkerfi bæði innan og utan marka borgarinnar, því eru vistvænar útfærslur fráveitukerfa og ofanvatnslausnir mikilvægir þættir í útfærslu vistvænna hverfa. Samhliða deiliskipulagsvinnu var unnin Vatnsnotkunaráætlun, Verkís dagsett 27.03.2021.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur eru ekki bein markmið um orkusparnað. Orka er engu að síður takmörkuð auðlind og ber að nýta hana á ábyrgan hátt. Settar eru fram ýmsar stefnur sem stuðla að betri orkunýtingu og orkusparnaði. Þar má nefna stefnu um vistvænar samgöngur og þéttari byggð.

Bæta má orkunýtingu hverfa og einstakra bygginga með byggingatæknilegum- og skipulagslegum lausnum samhliða því sem dregið er úr kolefnisfótspori byggðarinnar og loftgæði aukin.

8.2 LOFTGÆÐI OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og mun aðlagast að loftslagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti.
Samgöngur eru ein helsta orsök mengunar í Reykjavík. Rammaskipulag Elliðaárvogs og Ártúnshöfða leggur því áherslu á þétta og blandaða byggð sem styður við vistvæna samgöngumáta.

Skipulag hverfisins felur í sér markvissa notkun gróðurs og myndun votlendis, en aukin gróðurþekja og votlendi leiða til bættra loftgæða og aukinnar bindingar kolefnis í lífmassa.

8.3 BYGGINGAREFNI

Lögð er áhersla á að val á byggingarefnum byggist á umhverfissjónarmiðum. En heildaryfirsýn á líftíma bygginga og byggingarefna er lykillinn að mati á visthæfi byggingarefna.

Forðast skal notkun efna sem ganga á óendurnýjanlegar auðlindir eða byggja á mengandi framleiðsluferlum. Ennfremur er notkun endurunninna og endurvinnanlegra efna almennt ákjósanlegri en notkun frumhráefna og óendurvinnanlegra efna.

Notkun mengandi og heilsuspillandi efna er óheimil.

8.4 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur, Umhverfis-og auðlindastefnu Reykjavíkur og Loftslagsstefnu Reykjavíkur er stefnt að minnkun úrgangs og aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Lögð er áhersla á að dregið verði úr úrgangsmyndun og hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar aukið. Skilvirkt, einfalt og aðgengilegt kerfi til flokkunar og meðhöndlunar úrgangs er lykill að bættri meðhöndlun úrgangs.

Meðhöndlun og förgun úrgangs skal vera í samræmi við Umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar og Loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar.

8.4.1 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS Á FRAMKVÆMDARTÍMA

Niðurrif mannvirkja er starfsleyfisskyld starfsemi hjá Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og skal fylgt verklagsreglum Reykjavíkurborgar þar að lútandi. Gera skal grein fyrir flokkun og meðhöndlun úrgangs við umsókn um framkvæmdaleyfi.

8.4.2 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS FRÁ ATVINNUSTARFSEMI

Við allt atvinnuhúsnæði á deiliskipulagssvæðinu skal gera ráð fyrir sorpgeymslum í samræmi við fyrirhugaðan rekstur. Sorpgeymslur atvinnuhúsnæðis skulu vera innan byggingareits og í aflokuðum rýmum sem skulu innbyggðar í byggingar.
Rekstraraðilar atvinnuhúsnæðis bera ábyrgð á eigin sorphirðu og skulu tryggja sér þjónustu viðeigandi sorphirðufyrirtækis.

8.4.3 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS FRÁ HEIMILUM

Meðhöndlun úrgangs frá deiliskipulagssvæðinu skal vera samkvæmt gildandi reglugerðum um meðhöndlun úrgangs og gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar um meðhöndlun úrgangs. Reykjavíkurborg sinnir sorphirðu heimilisúrgangs og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva.

Í Ártúnshöfða við Elliðaárvog, verður sorpflokkun og hirða útfærð með djúpgámum. Gert er ráð fyrir allt að 5 úrgangsflokkum, en til að byrja með verða þeir 3: blandaður úrgangur, pappír og plast. Nánar er fjallað um útfærslu djúpgáma í skilmálum fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð.





Mynd 24. Fyrirmyndir djúpgámar

8.5 MEÐHÖNDLUN OFANVATNS

Allt uppbyggingarsvæðið, götur, almenningsrými og lóðir er metið sem ein heild þegar kemur að hönnun og útfærslu ofanvatnslausna. Þær fléttast inn í hönnun allra mannvirkja, þ.e. bygginga og garða á lóðum. Útfærslur á ofanvatnslausnum eru einnig ein af forsendunum við hönnun gatnarýmis, stíga og almenningsrýma og eru nánar útfærðar í þeirri hönnun.* Þetta er því þverfaglegt samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og lóðarhafa auk framkvæmdaraðila og notenda svæðisins. Arkitektar, landslagsarkitektar, listamenn, byggingafræðingar og verkfræðingar hanna lausnirnar í samstarfi við Veitur, lóðarhafa og garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar sem sér um rekstur og viðhald almenningsrýma og gangstétta í hverfinu. Blágrænar ofanvatnslausnir hlúa að vistkerfi borgarinnar og stuðla að vistvænu og heilbrigðu borgarumhverfi. Þau ásamt ákvæða um vistvænar samgöngur hvetja notendur og íbúa hverfisins til umhverfisvænnar hegðunar.

Í rammaskipulagi svæðisins er lögð áhersla á að nýta græn svæði undir Ártúnshöfðanum fyrir hreinsun ofanvatns frá efri byggðum svæðisins og var sérstök frumáætlun um meðhöndlun ofanvatns útbúin sem útlistaði leiðbeiningar fyrir stærðarákvörðun, hönnun og útfærslur á ofanvatnslausnum. Megin hluti þessa græna geira liggur í gegnum deiliskipulagssvæðið og tekur við ofanvatni ofan af Ártúnshöfða, Ártúnsholti og frá austurhluta deiliskipulagssvæðisins.

** Skoða þarf ofanvatnslausnir í tilviki lóða þar sem mengaður jarðvegur hefur verið til staðar.*

9 VEITUR

9.1 ALMENNT

Innviðir veitufyrirtækja veita grunnþjónustu í borgarumhverfi.

Leggja þarf nýtt stofnkerfi fyrir innviði Veitna á deiliskipulagssvæðinu, jafnhliða að nauðsynlegt er að halda rekstri áfram á núverandi veitukerfi sem liggur um svæðin. Á deiliskipulagssvæðinu eru mikilvægir fráveitu- og vatnsveitustofnar í Sævarhöfða, settjarnir til hreinsunar ofanvatns meðfram Elliðaám, skólpdælustöð við Sorpu og metangasveitustofn úr Álfsnesi til staðar á svæðinu sem taka þarf tillit til við uppbyggingaráform. Forgangsraða þarf uppbyggingaráformum þannig að stofnkerfi innviðauppbyggingar sé lagt áður en fyrri kerfi eru tekin úr rekstri.

Margir byggingarreitir á deiliskipulagssvæði eru áætlaðir upp við lóðamörk, svokölluð randbyggð. Uppbyggingarröð hverfisins ætti því að taka mið af uppbyggingu veitu- og gatnakerfa. Helstu lagnaleiðir fyrir veitur og fjarskipti eru í gangstéttum og götum. Huga þarf sérstaklega að vernd veitukerfa meðfram lóðamörkum.

Hönnun og útfærsla á veitukerfum og fjarskiptalögnum verður í höndum Veitna ohf. og annarra veitufyrirtækja í samstarfi við borgaryfirvöld. Við hönnun í gatnarými þarf að samræma að nægt pláss sé fyrir veitukerfi, trjágróður við götur, blágrænar ofanvatnslausnir og djúpgáma fyrir sorp.

Núverandi dreifikerfi Veitna á svæðinu er í rekstri þar til framkvæmdum við nýtt kerfi er lokið. Nauðsynlegt er að tryggja rekstraröryggi veitukerfa á framkvæmdatíma og ber framkvæmdaraðila að grípa til tímabundinna ráðstafanir þar sem þörf krefur.

9.2 FRÁVEITA

9.2.1 FRÁVEITUKERFI

Nýtt fráveitukerfi á deiliskipulagssvæðinu samanstendur af fráveitustofnum í Sævarhöfða og Stórhöfða, safnkerfi í hliðargötum svæðisins, skólpdælustöð við Elliðaárvog og tengingu við núverandi þrýstilögn yfir Elliðaár. Lagnakerfið þjónar einnig fráveitu af efri svæðum Ártúnshöfða og Ártúnsbrekku og hluta af Bryggjuhverfi Vestur.

Skólplagnir liggja að dælustöð við Elliðaárvog og regnvatn verður ýmist leitt í regnvatnslögnum í settjarnir, eða meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum. Regnvatnið er að lokum leitt í útrásum í Elliðaárvog.

Mikilvægt er að huga að áfangaskiptingu vegna uppbyggingar á svæðinu. Núverandi dælustöð og fráveitustofn við Sævarhöfða þjónar stóru svæði utan deiliskipulagsmarka og helst því nauðsynlega í rekstri þar til nýtt fráveitukerfi er tekið í notkun.

Ekki er gert ráð fyrir því að frárennsli frá bílakjöllurum ráði hæðarkótum fráveitukerfis. Því þarf að gera ráð fyrir dælukerfum fyrir fráveitu frá bílakjöllurum. Tengingar á drenlögnum húsgrunna eru ekki leyfðar í fráveitukerfi. Sé kjallari undir grunnvatnsstöðu eða flóðahæð í fyllingum skal leitast við að byggja hann þannig að hann þoli að standa í vatni. Mögulegt er, í samráði við Veitur, að leiða drenkerfi í regnvatnslagnir sem liggur yfirleitt hærra en kjallarar og því dælubrunnur nauðsynlegur.

Almennt er miðað við eina tengingu fyrir fráveitu við hverja lóð. Ákvörðun á staðsetningu tengingu á lóð er tekin á hönnunarstigi gatna- og veitukerfa. Nákvæm staðsetning mun koma fram á lóðarblöðum.

9.2.2 DÆLUSTÖÐ FRÁVEITU

Ný dælustöð fráveitu við Elliðaárvog mun taka við hlutverki núverandi dælustöðvar við Sævarhöfða. Útbúin hefur verið lóð fyrir dælustöðina nyrst á deiliskipulagssvæðinu, út við strönd Elliðaárvogs, nálægt tengingu við núverandi þrýstilögn undir Elliðaárnar. Dælustöðin verður hönnuð, útfærð og framkvæmd með umhverfis- og öryggissjónarmið í fyrirrúmi og hún útbúin neyðaraflsstöð og tvískiptri þró til þess lágmarka rekstrarstöðvanir og neyðarlosun um neyðarútrás sem mun mæta kröfum fráveitureglugerðarinnar. Miðað er við að lágmarka sjónræn áhrif af byggingunni og við hönnun verður haft að leiðarljósi að láta hana falla inn í umhverfið.

9.3 HITAVEITA

Nýjar stofnlagnir hitaveitu verða lagðir í Stórhöfða og Sævarhöfða sem munu tengjast fyrirliggjandi aðveitustofnum og þjóna dreifikerfum á deiliskipulagssvæðinu. Tvöfalt dreifikerfi hitaveitu verður lagt í allar götur og varmi í bakrás hitaveitu endurnýttur á sjálfbæran máta.

Inntaksrými vatns- og hitaveitu á byggingarreitum skulu vera við útvegg, götumegin og á jarðhæð

9.4 NEYSLUVATN

Ný stofnlögn vatnsveitu verða lögð í Stórhöfða og Sævarhöfða sem mun tengjast fyrirliggjandi aðveitustofnum og þjóna dreifikerfum á deiliskipulagssvæðinu.
Almennt er miðað við eitt inntak fyrir kalt neysluvatn fyrir hverja lóð. Ákvörðun um staðsetningu og fjölda inntaka á lóð er tekin á hönnunarstigi gatna- og veitukerfa. Nákvæm staðsetning og fjöldi munu koma fram á lóðarblöðum.
Inntaksrými vatns- og hitaveitu á byggingarreitum skulu vera við útvegg, götumegin og á jarðhæð.

9.5 RAFMAGN

Lagnir fyrir rafveitu og fjarskipti eru í gangstéttum.
Almennt er miðað við eina heimtaug fyrir rafmagn fyrir hverja lóð. Ákvörðun um staðsetningu og fjölda heimtauga á lóð er tekin á hönnunarstigi gatna- og veitukerfis. Nákvæm staðsetning og fjöldi munu koma fram á lóðarblöðum.
Í öllum bílageymslum skal vera aðgangur að rafhleðslukerfi fyrir rafbíla og við hönnun bílgeymslna þarf að gera ráð fyrir plássi fyrir hleðslubúnað. Jafnframt skal gera ráð fyrir að hægt sé að setja upp hleðslubúnað við öll bílastæði á yfirborði. Þarf að tryggja lagnaleiðir og mögulegar tengingar við öll bílastæði.

9.5.1 RAFDREIFIKERFI

Leggja þarf nýtt dreifikerfi rafmagns innan skipulagssvæðisins. Til að uppfylla markmið skipulagsins um að í öllum bílageymslum skal vera aðgangur að rafhleðslukerfi fyrir rafbíla, gera þurfi ráð fyrir plássi fyrir hleðslubúnað og að jafnframt skal gera ráð fyrir að hægt sé að setja upp hleðslubúnað við öll bílastæði á yfirborði þar að tryggja lagnaleiðir og mögulegar tengingar við bílastæði

9.5.2 DREIFISTÖÐVAR RAFMAGNS

Gert er ráð fyrir 14 nýjum dreifistöðvum á deiliskipulagssvæðinu til að anna aflþörf nýrrar uppbyggingar. Staðsetning dreifistöðva er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti og er staðsetningar bindandi. Útfærsla og nákvæm staðsetning dreifistöðva skal gerð í samráði við Veitur ohf á hönnunarstigi. Tryggja skal aðgengi að dreifistöðvum vegna reksturs og viðhalds. Dreifistöðvar eru staðsettar á 1 hæð/jarðhæð bygginga skulu vera aðgengilegar frá götu.

Dreifistöðvar á svæði 1
7 nýjar dreifistöðvar rafmagns eru áformaðar á svæði 1, þar af eru 6 staðsettar í byggingum annarra, auk einnar smádreifistöðvar sem verður á eigin lóð.
Kröfur Veitna um útfærslu dreifistöðva í byggingu annarra er að finna í handbók Veitna https://www.veitur.is/sites/veitur.is/files/atoms/files/handbok_um_dreifistodvar_i_byggingum_annarra_0.docx. Þar kveður m.a. um mögulega staðsetningu, öryggiskröfur, kröfur um aðgengi og hönnun stöðvanna. Nánari skilmálar fyrir dreifistöðvar í byggingum annarra koma fram í skilmálahefti.

Dreifistöðvar á svæði 2
8 nýjar dreifistöðvar rafmagns eru áformaðar á svæði 2 og eru þær á eigin lóðum.
Aðkoma og rekstur dreifistöðva: Starfsmenn Veitna skulu hafa óhindraðan aðgang að dreifistöðum með mannskap og tæki öllum tímum sólarhrings þegar dreifistöðvar eru komnar í rekstur. Lagnaleiðir fyrir strenglagnir skulu tryggðar að stöðvunum.
Rekstraröryggi á framkvæmdatíma: Mikilvægt að tryggja rekstraröryggi á framkvæmdatíma þar sem núverandi dreifistöðvar Veitna lenda uppnámi vegna framkvæmda og verður að gera ráðstafanir á framkvæmdatíma. Setja þarf upp dreifistöð til bráðabirgða til að sinna rafmagni á þjónustusvæðinu. Útfæra þarf hvernig rafmagnþörf á reitnum verður leyst tímabundið á meðan framkvæmdum stendur og óska Veitur eftir að gert verði áhættumat m.t.t. rekstraröryggis á framkvæmdatíma.

9.6 FJARSKIPTI

Lagnir fyrir fjarskipti eru í gangstéttum.

9.7 DRENLAGNIR OG HÚSBRUNNAR

Drenlagnir og húsbrunnar eru á ábyrgð lóðarhafa. Almennt skulu húsbrunnar og drenlagnir vera innan lóðarmarka. Þar sem húsveggur, bílageymsla eða stoðveggur eru á lóðarmörkum (randbyggð) geta drenlagnir legið utan lóðamarka þá einungis ef hönnun og útfærsla drenlagna sé unnin með tilliti til gatnahönnunar og hljóti samþykki Veitna. Tengingar á drenlögnum eru ekki leyfðar í fráveitukerfi. Sé kjallari undir grunnvatnsstöðu eða flóðahæð í fyllingum skal leitast við að byggja hann þannig að hann þoli að standa í vatni. Mögulegt er að leiða drenkerfi í regnvatnslagnir sem liggur yfirleitt hærra en kjallarar og því líklega dælubrunnur nauðsynlegur.

10 FRAMKVÆMD, ÁFANGASKIPTING OG FRAMKVÆMDARTÍMI

Í skipulagsreglugerð segir: „Gera skal grein fyrir hvernig stefnt er að framkvæmd deiliskipulags svo sem með skilmálum um áfangaskiptingu og framkvæmdatíma ef við á. Stórum skipulagssvæðum skal skipta í framkvæmdaáfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar.“

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum á skipulagssvæðunum ljúki innan 10 ára frá gildistöku deiliskipulags.

Rammaskipulagssvæði Elliðaárvogs - Ártúnshöfða er skipt upp í fleiri deiliskipulagssvæði. Önnur deiliskipulagssvæði hafa aðrar tímalínur og geta framkvæmdir staðið yfir á mörgum svæðum samtímis.

Lóðablöð verða gefin út sem gera grein fyrir framkvæmd deiliskipulags og skilmálum um áfangaskiptingu og framkvæmdatíma.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir landfyllingu skal liggja fyrir stafsleyfi hjá Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar og þarf ákvörðun stofnunarinnar að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

HEIMILDASKRÁ:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030. (2013). Umhverfis- og skipulagssvið. Reykjavík:
Sótt 6. desember 2016 af http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf

Reykjavík 2040. Nýr viðauki við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030 (2021). Umhverfis- og skipulagssvið. Reykjavík:
Sótt 22.mars 2021 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ar2040-vidauki-forsendur-tillgur-7okt-2020-drog.pdf

Arkís, Landslag og Verkís. (2015). Elliðahöfn við Ártúnshöfða: Vistvænt borgarhverfi með fólk í fyrirrúmi (Samkeppnistillaga). Reykjavík.

Elliðaárvogur - Ártúnshöfði rammaskipulag. (2017). Umhverfis- og skipulagssvið. Reykjavík: Umhverfis- og skipulagssvið
http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/ellidaarvogur-artunshofdi_-rammaskipulag-utgafa-20160111-2.pdf

Gísli Sigurðsson. (1996). Ættbogi afburðamanna. Lesbók Morgunblaðsins, 4.

Verkís. (2017b). Frumáætlun um meðhöndlun ofanvatns við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Reykjavík.

VSÓ. (2015). Elliðaárvogur - Ártúnshöfði. Forsendur skipulags og uppbyggingar. Reykjavík: Umhverfis- og skipulagssvið.

ÁRTÚNSHÖFÐI VIÐ ELLIÐAÁRVOG - SVÆÐI 1

Deiliskipulag: Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð



ASK arkitektar fyrir
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
4. jun 2021

EFNISYFIRLIT

1 DEILISKIPULAG 8
1.1 HÖNNUN OG UPPDRÆTTIR 8
1.2 MÆLI-OG HÆÐABLÖÐ 8

2 FORSENDUR 10
2.1 LANDNÝTING, BYGGINGARMAGN OG ÞÉTTLEIKI 11
2.2 UMHVERFISAÐSTÆÐUR - NÚVERANDI ÁSTAND 11
2.3 FYRIRLIGGJANDI LÓÐIR OG NÚVERANDI BYGGINGAR 12
2.4 NÚVERANDI BYGGINGAR, NOTKUN OG BYGGINGARÁR - HÚSAKÖNNUN 13
2.5 LANDMÓTUN, EFNISTAKA OG EFNALOSUN 13

3 GÆÐI BYGGÐAR OG BYGGÐAMYNSTUR 14
3.1 AÐALSKIPULAG 14
3.2 YFIRBRAGÐ BYGGÐAR OG GÆÐI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS OG NÆRUMHVERFI 15
3.3 SKUGGAVARP 16
3.4 RÝMIN Í HVERFINU - DEILISKIPULAG ÁRTÚNSHÖFÐA SVÆÐI 1 19
3.5 STAÐAREINKENNI INNAN HVERFIS (HVERFIN) 20
3.5.1 HAMARINN 20
3.5.2 HOLTIÐ 21
3.5.3 KROSSAMÝRARTORG 22
3.5.4 MENNTUN - ÞRÓUNARREITUR 23
3.6 ALMENNINGSRÝMI, HVERFISTORG, ÁNINGASTAÐUR, LEIK- OG DVALARSVÆÐI 24
3.6.1 ALMENNINGSRÝMI 24
3.6.2 LEIK- OG DVALARSVÆÐI 25
3.6.3 TORG 25
3.6.4 GÖTUR SEM BORGARRÝMI 25
3.6.5 STÍGUR Á HAMARSBRÚN 25
3.6.6 HVERFISGARÐUR 26
3.7 VIRKAR GÖTUHLIÐAR 27
3.8 KENNILEITI 28
3.9 LIST 29
3.10 STARFSEMI 30
3.11 ÁFANGASKIPTING 31

4 SAMGÖNGUR 33
4.1 BORGARLÍNA 35
4.2 DEILIBÍLAR-ÖRFERÐAMÁTI 35
4.3 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR 36
4.4 BÍLASTÆÐI 37
4.5 HJÓLASTÆÐI 38
4.6 BÍLASTÆÐI Í GÖTUM 38
4.7 BÍLASTÆÐAHÚS, BÍLGEYMSLUR 38

5 MEÐHÖNDLUN OFANVATNS. 39

6 BYGGINGAR OG LÓÐIR 40
6.1 HÖNNUN BYGGINGA 40
6.1.1 HÆÐIR HÚSA 40
6.1.2 BÍLAKJALLARAR INNAN ÍBÚÐAREITA 41
6.1.3 BYGGINGAREITIR 41
6.1.4 ROF Í BYGGINGAR 41
6.1.5 INNGANGAR 42
6.1.6 SVALIR, ÚTBYGGINGAR OG SVALGANGAR ÍBÚÐAHÚSA 43
6.1.7 ÞÖK 44
6.1.8 ÞAKGARÐAR OG ÞAKHÝSI 44
6.1.9 SKILTI OG LÝSING 44
6.1.10 BYGGINGAREFNI, LITIR 45
6.2 LÓÐIR 46
6.2.1 SÉRAFNOTAFLETIR 46
6.2.2 FORGARÐAR VIÐ GÖTU 46
6.2.3 INNGARÐAR 47
6.2.4 REGNGARÐAR 47
6.3 AÐKOMA NEYÐARBÍLA 47
6.4 HLJÓÐVIST 47
6.5 ÚRGANGSMÁL 48
6.6 RAFMAGN - DREIFISTÖÐVAR 49

7 UPPDRÆTTIR 50
7.1 YFIRLITSMYND 50
7.2 SKÝRINGARUPPDRÁTTUR 52
7.3 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR 54
7.4 SNIÐ 56
7.5 ÁSÝNDIR 58

8 SÉRSKILMÁLAR 60
REITUR 2. 64
REITUR 5. 70
REITUR 6. 72
REITUR 7. 74
REITUR 8. 76
REITUR 9A. 78
REITUR 9B. 80
REITUR 9C. 82
REITUR 10A 84
REITUR 10B 86
REITUR 10C 88
REITUR 11 90
REITUR 12A 92
REITUR 12B 94

MYNDASKRÁ

Skipulagsuppdráttur . . . 6
Deiliskipulagssvæðið . . . 7
Deiliskipulagssvæðið - lóðir . . . 9
Skilmálatafla . . . 9
Deiliskipulagssvæðið - loftmynd. . . . 10
Fornleifakort . . . 11
Horft til austurs yfir Ártúnhöfðann . . . 14
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 . . . 15
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 . . . 15
SUMARSÓLSTÖÐUR . . . 16
Sumarsólstöður 21. júní kl. 10.00 . . . 16
Sumarsólstöður 21. júní kl. 13.30 . . . 16
Sumarsólstöður 21. júní kl. 17.00 . . . 16
1. MAÍ . . . 17
1.maí kl. 10.00 . . . 17
01.maí kl. 13.30 . . . 17
1.maí kl. 16.00 . . . 17
JAFNDÆGUR . . . 18
Jafndægur 21. september kl. 10.00 . . . 18
Jafndægur 21. september kl. 13.30 . . . 18
Jafndægur 21. september kl. 17.00 . . . 18
Rýmin í hverfinu . . . 19
Hamarinn . . . 20
Fjölbýlishús við Hamarinn. Horft austur Stórhöfða. . . . 20
Höfðinn . . . 21
Horft austur eftir nýrri götu. Byggingar á Holtinu til vinstri á myndinni. . . . 21
Krossamýrartorg . . . 22
Við Krossamýrartorg. Horft austur Stórhöfða. . . . 22
Menningarhús við Krossamýrartorg . . . 23
Menntastofnun og skyld starfsemi . . . 23
Dvalar- og leiksvæði . . . 24
Dæmi um minni dvalarstaði við torg og stíga . . . 25
Við Hamarstíg . . . 25
Hverfisgarður samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 . . . 26
Horft austur eftir nýrri götu. Hverfisgarður til vinstri á myndinni . . . 26
Dæmi um virkar götuhliðar . . . 27
Virkar götuhliðar . . . 27
Dæmi um kennileiti . . . 28
Kennileiti og mikilvægar hliðar . . . 28
Hugsanlegar staðsetningar listaverka. . . . 29
Dæmi um list í almenningsrými . . . 29
Skýringarmyndir-leiðbeinandi landnotkun . . . 30
Fyrirhuguð áfangaskipting . . . 31
-Fyrsti áfangi . . . 31
-Annar áfangi . . . 31
-Þriðji áfangi . . . 31
Stórhöfði við Krossamýrartorg-horft í vestur . . . 33
Stórhöfði horft í vestur . . . 34
Stórhöfði við Krossamýrartorg-horft í austur . . . 34
Krossamýrartorg - Borgarlína á Stórhöfða . . . 35
Krossamýrartorg . . . 36
Göngu og hjólaleiðir . . . 36
Bílastæði neðanjarðar . . . 37
Hjólastæði . . . 38
Opnar bílgeymslur . . . 38
Ofanvatnslausnir-frumhönnun . . . 39
Inngangar eru mikilvægir í heildaryfirbragði hverfis og götulífi. . . . 42
Dæmi um útfærslu svala . . . 43
Dæmi um útskot . . . 43
Dæmi um útfærslu þakkgarðaþakgarða . . . 44
Dæmi um þakbyggingar . . . 44
Dæmi um efni og liti . . . 45
Sérafnotareitir . . . 46
Dæmi um forgarða við götur . . . 46
Dæmi um útfærslu inngarða . . . 47
Djúpgámar . . . 48
Leiðbeinandi staðsetning fylgilóða/djúpgáma . . . 48
Dreifistöðvar . . . 49
Stórhöfði horft í norður . . . 60
Deiliskipulagssvæði . . . 60
Skilmálatafla . . . 61

SAMÞYKKTAR OG STAÐFESTINGAFERLI


Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í _____ þann _____ 20___

og í _____ þann _____ 20___ .

Tillagan var auglýst frá _____ 20___ með athugasemdafresti til _____ 20___.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20___.



Skipulagsuppdráttur

ALMENNT

Skipulagsáætlun þessi fyrir svæði 1, Ártúnshöfða við Elliðaárvog, er sett fram í greinargerð, skilmálum og á skipulagsuppdráttum. Greinargerðin skiptist upp í tvö hefti sem þarf lesa samhliða. Hönnunarhandbók Elliðaárvogs Ártúnshöfða, sýnir leiðbeinandi útfærslu á lóðum og almenningsrýmum.

- Almenn greinargerð (Ártúnshöfði við Elliðarárvog, svæði 1 og svæði 2) og skilmálar fyrir innviði lýsir innviðum skipulagssvæðisins, almenningsrýmum, gatnakerfi, göngu- og hjólastígakerfi, strandlínu ásamt sorphirðu- og veitukerfum. Settir eru skilmálar um landmótun, gróður, frágang, efnisval, lýsingu, auglýsingaskilti, aðgengismál o.fl.
- Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð eru settar fram sem kröfur til einstakra lóða.
- Hönnunarhandbók Elliðaárvogs og Ártúnshöfða. Mars 2021

Fylgigögn með deiliskipulaginu eru eftitfarandi:

Elliðaárvogur - Ártúnshöfði Samgöngumat. Mars 2021

Elliðaárvogur - Ártúnshöfði Ferðaáætlun. Mars 2021

Ártúnshöfði, Fornleifaskrá og húsakönnun. 13.04.2021

Deiliskipulag Ártúnshöfða við Elliðaárvog. Umhverfisskýrsla. Maí 2021

Lýsingaráætlun fyrir myrkurgæði. Ártúnshöfði við Elliðaárvog, deiliskipulag. Dags. 2.3.2021



Deiliskipulagssvæðið

1 DEILISKIPULAG

1.1 HÖNNUN OG UPPDRÆTTIR

Húsbyggingar og mannvirki á lóð skulu vera í samræmi við deiliskipulagsskilmála þessa, deiliskipulagsuppdrátt, mæli- og hæðarblöð og gildandi reglugerðir og staðla sem við eiga.

Kynna skal uppbyggingu á lóðum með eftirfarandi hætti:

- Fyrirspurnarerindi – frumhönnun uppdrættir í mkv. 1:200 eða 1:100, þar sem gerð er grein fyrir meginhugmynd að uppbyggingu og útliti bygginga ásamt hæðarsetningu húsa og fyrirkomulagi lóða, inngöngum, innkeyrslum í bílakjallara og tengsl við almenningsrými. Þar skal koma fram val á byggingarefnum. Sérstaklega skal gera grein fyrir ofanvatnslausnum, görðum, þakgörðum, gróðurfari og trjárækt. Fyrirspurnarerindi þarf að berast nokkru áður en endanlegri hönnun er lokið.
- Byggingarleyfisumsókn er heimilt að skila inn að fenginni jákvæðri umsögn við fyrirspurnarerindi.
- Séruppdráttur unnin af landslagsarkitekt fyrir skipulagi lóðar skal fylgja byggingarleyfisumsókn.

Skipulags- eða byggingafulltrúi getur leitað umsagnar deiliskipulagshöfunda vegna afgreiðslu einstakra byggingarleyfisumsókna og framkvæmda á innviðum og almenningsrýmum. Sækja skal um byggingaleyfi fyrir öllum framkvæmdum, einnig minniháttar framkvæmdum utanhúss sem undanþegnar eru byggingarleyfi skv. liðum d-j í gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar.

1.2 MÆLI-OG HÆÐABLÖÐ

Gefin verða út mæliblöð í samræmi við deiliskipulag sem sýna lóðarmörk, lóðarstærðir, byggingarreiti, innkeyrslur og kvaðir eftir því sem við á.

Byggingarreitir eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar vera að öllu leyti innan þeirra nema annað sé sérstaklega tekið fram í skilmálum. Almennt hafa lóðir byggingarreit upp að lóðamörkum til að auðvelda aðgengi inn í innigarða og auka birtuflæði í götu- og garðrými.

Lóðir eru hnitsettar á mæliblöðum. Við gerð mæliblaða geta orðið smávægilegar breytingar frá deiliskipulagsgögnum, t.d. varðandi lóðastærðir, lóðamörk, byggingarmagn og kvaðir. Hæðarblöð sýna götu- og gangstéttarhæðir við lóðamörk. Á hæðarblöðum koma fram staðsetningar og hæðir frárennslis-og vatnslagna og kvaðir um inntök veitustofnana. Kvaðir koma fram á mæliblöðum.



Deiliskipulagssvæðið - lóðir

Lóð	Stærð lóðar (1)	Hæðir húsa	Íbúðir (A rými)	Starfsemi (A rými) (2)	Valkvætt (A rými) (3)	Samtals: (A rými)	B-rými:	Samtals: (A+B rými)	NHL ofanjarðar	Kjallari (4) (A+B rými)	Heild (A+B rými)	NHL lóða	Fjöldi íbúða hámark:	Bílastæði hámark (5):	Hjólastæði lágmark (6):
	m²		m²	m²	m²	m²	m²	m²		m²	m²		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1	4.808	4-7 h+3K	12.600	0	0	12.600	1.000	13.600	2,8	6.000	19.600	4,1	145	85	280
2	3.735	4-7 h+3K	9.500	0	0	9.500	800	10.300	2,8	4.500	14.800	4,0	110	65	210
3	4.327	3-6 h+2K	11.400	0	600	12.000	1.000	13.000	3,0	5.500	18.500	4,3	140	85	263
4	735	0	0	0	0	0	0	0	0,0	0	0	0,0	0	0	0
5	3.690	3-7 h+2K	8.600	0	600	9.200	800	10.000	2,7	4.000	14.000	3,8	105	40	203
6	3.824	3-6 h+2K	9.900	0	600	10.500	800	11.300	3,0	4.000	15.300	4,0	120	50	223
7	5.997	4-7 h+3K	12.200	0	1.400	13.600	1.000	14.600	2,4	6.500	21.100	3,5	150	90	297
8	5.463	4-11 h+3K	11.000	5.000	7.800	23.800	1.400	25.200	4,6	17.500	42.700	7,8	160	350	360
9A	5.546	3-8 h+3K	0	11.900	2.000	13.900	100	14.000	2,5	8.000	22.000	4,0	10	170	506
9B	5.254	4-14 h+3K	12.500	7.000	3.300	22.800	1.100	23.900	4,5	11.500	35.400	6,7	150	250	547
9C	4.513	2-13 h+3K	11.000	6.000	2.800	19.800	900	20.700	4,6	11.500	32.200	7,1	140	250	396
10A	2.817	3-6 h+2K	7.200	0	0	7.200	600	7.800	2,8	3.000	10.800	3,8	90	30	170
10B	5.734	3-7 h+2K	0	18.300	0	18.300	400	18.700	3,3	10.000	28.700	5,0	0	145	544
10C	5.184	2-8 h+2K	0	8.400	3.400	11.800	300	12.100	2,3	7.000	19.100	3,7	0	100	132
11	4.347	3-9 h+3K	6.600	6.800	0	13.400	600	14.000	3,2	8.000	22.000	5,1	80	150	223
12A	4.351	4-6 h+3K	9.600	600	500	10.700	800	11.500	2,6	5.000	16.500	3,8	115	70	236
12B	2.801	4-6 h+3K	4.600	300	0	4.900	400	5.300	1,9	3.000	8.300	3,0	55	30	106
Alls	**73.126**		**126.700**	**64.300**	**23.000**	**214.000**	**12.000**	**226.000**		**115.000**	**341.000**		**1.570**	**1.960**	**4.696**

(1) Endanleg stærð lóða getur breyst við gerð mæliblaða
(2) Verslun, þjónusta, skrifstofur, stofnanir og önnur atvinnustarfsemi
(3) Notkunarflokkur er valkvæður, ýmist sem íbúðir eða fyrir atvinnustarfsemi.
(4) Séreignarkjallarar, bílakjallarar og opin bílastæðahús
(5) Að lágmarki skal byggja 50% leyfilegra stæða innan hverrar lóðar. Ef t.d. leyfilegur fjöldi er að hámarki 100 stæði innan viðkomandi lóðar skal að lágmarki byggja 50 stæði.
(5) Heimildir fyrir bílastæðum innan lóða m.v. að lágmarki 240 gjaldskyld stæði verði í götum, eða um 10-15% af heildarfjölda stæða.
(5) Á reitum 8,9,10 og 11 er um 90% bílastæðaheimildar áætlaður fyrir opin bílastæðahús með tilheyrandi samnýtingu fyrir atvinnustarfsemi og íbúa í hverfinu.
(6) Lágmarksfjöldi hjólastæða er reiknaðum m.v. forsendur bíla- og hjólastæðastefnu Rvk. og er áætlaður út frá fullri nýtingu byggingarheimilda.

Stæði í götu (gjaldskyld):	240
Heildarfjöldi stæða S1:	**2.200**
Þar af samnýtanleg :	1.514

Skilmálatafla

2 FORSENDUR

Deiliskipulag Ártúnshöfða, svæðis 1 er unnin á grunni rammaskipulags Elliðaárvogs-Ártúnshöfða dags. 11.1.2017.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 gerir ráð fyrir að 90% allra nýrra íbúða sem reistar verða á skipulagstímabilinu rísi innan núverandi þéttbýlismarka. Stefnan er að skapa heildstæða og þétta byggð og nýta þar með land og fjárfestingar í innviðum borgarinnar betur. Með þéttri byggð er dregið úr kostnaði og umhverfisáhrifum vegna samgangna.



Deiliskipulagssvæðið - loftmynd.

Deiliskipulagssvæði afmarkað með rauðri línu - Borgarvefsjá 27.07.2020

2.1 LANDNÝTING, BYGGINGARMAGN OG ÞÉTTLEIKI

Landnotkun á skipulagssvæðinu samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er miðsvæði (M26); svæði fyrir verslun og þjónustu, skrifstofur, stofanir og íbúðir. Léttur iðnaður getur verið heimill, svo og hótel og gististarfsemi. Matvöruverslun er heimil.

Deiliskipulagssvæðið, Ártúnshöfði við Elliðaárvog, svæði 1, er um 13 ha. að stærð og er gert ráð fyrir íbúðabyggð, blandaðri byggð, starfsemi ásamt tilheyrandi nærþjónustu. Gert er ráð fyrir um 226.000 m² nýbygginga ofanjarðar (A+B rými). Auk þess má gera ráð fyrir allt að 115.000 m² í kjöllurum, bílastæðahúsum og bílageymslum. Í sérskilmálum og skilmálatöflu hverrar lóðar kemur fram hámarks byggingamagn, hæðir húsa, fjöldi íbúða og bílastæða, starfsemi, kröfur um útfærslu garðrýma, uppbrot bygginga og aðrar kvaðir.

Hámarksfjöldi íbúð íbúða á skipulagssvæðinu eru 1.570.


Núverandi byggingamagn á svæðinu er um 14.100 m². Gert er ráð fyrir að allar byggingar víki með nýju deiliskipulagi.

2.2 UMHVERFISAÐSTÆÐUR - NÚVERANDI ÁSTAND

Ártúnshöfðinn er eins konar háslétta og einkennist af miklum landhalla niður til vesturs og norðurs í átt að Elliðaárvogi og Bryggjuhverfi. Á svæðinu er í dag iðnaðarstarfsemi sem einkennt hefur Ártúnshöfðann í áratugi. Í Krossamýri var úthlutað lóðum til leigu eða erfðafestu á árunum 1936-1938. Lóðirnar nefndust Krossamýrarblettir. Krossamýrarvegur var lagður þar sem nú er Breiðhöfði. Bærinn Hvammur stóð við Krossamýrarblett 1.

Deiliskipulagssvæðið hefur síðustu áratugi verið athafna-og iðnaðarstarfsemi, en stærstu lóðir innan þess hafa verið nýtar af Einingaverksmiðjunni, sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingaframkvæmda og ISAGA (nú Linde), með þjónustu sem tengist notkun á iðnaðargasi og alhliða þjónustu hvað gas varðar. Einnig eru bílasölur á stórum hluta svæðisins. Þessi starfsemi er víkjandi og er að hluta horfin af svæðinu. Starfsemin og byggðin víkur fyrir blandaðri byggð atvinnu- og íbúða í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

Húsakönnun var framkvæmd af Borgarsögusafni (2021) og segir m.a.: "*Ekkert þeirra húsa eða mannvirkja sem standa innan deiliskipulagssvæðisins í dag (2021) er friðlýst eða fellur undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs.*"



Fornleifakort

2.3 FYRIRLIGGJANDI LÓÐIR OG NÚVERANDI BYGGINGAR

Núverandi byggð á svæði er að mestu iðnaðar- og þjónustumannvirki. Þau eru að mestu byggð á árunum 1960-1970.



Loftmynd-lóðamörk merkt inn



Núverandi byggð innan deiliskipulagssvæðis

2.4 NÚVERANDI BYGGINGAR, NOTKUN OG BYGGINGARÁR - HÚSAKÖNNUN

Yfirlit fyrir þær fasteignir sem eru innan deiliskipulagssvæðisins

Fasteignanúmer	Heiti staðfangs	Merking	Notkun	Bygg.ár	Birt stærð m²
F2042844	Breiðhöfði 11	01 0101	Afgreiðsla	1972	753,8
F2042844	Breiðhöfði 11	03 0101	Súrverk	1984	645,7
F2042846	Breiðhöfði 11A	01 0101		1964	422,9
F2042846	Breiðhöfði 11A	02 0101		1964	52,0
F2042909	Breiðhöfði 10	01 0101	Spennistöð	1968	33,0
F2042900	Breiðhöfði 10	01 0101	Verksmiðjuhús	1967	3.411,7
F2042900	Breiðhöfði 10	02 0101	Skrifstofa/mötuneyti	1997	472,9
F2042848	Eirhöfði 11	01 0101	Skrifstofa	1973	1.018,0
F2042848	Eirhöfði 5	02 0101	Vörugeymsla	1972	387,0
F2042848	Eirhöfði 9	03 0101	Vörugeymsla	1972	732,0
F2042848	Eirhöfði 5	04 0101	Vörugeymsla	1972	387,0
F2042848	Eirhöfði 7	05 0101	Járnsmíðaverkstæði	1994	1.460,0
F2042848	Eirhöfði 5	06 0101	Verkstæði	1987	615,0
F2042899	Eldshöfði 4	01 0101	Bílskúr-vörugeymsla	1992	482,6
F2042897	Eldshöfði 6-8	01 0101	Iðnaðarh-skrifstofa	1986	679,7
F2042910	Svarthöfði 1	01 0101	Þjónustumiðstöð	1987	621,3
F2042910	Svarthöfði 1	01 0101	Þjónustumiðstöð	2001	1.821,6
F2042859	Stórhöfði 13	01 0101	Iðnaðarhús	1978	110,1
Upplýsingar úr þjóðskrá			**Samtals m²**		**14.106,3**

Ný götuheiti verða til við gerð deiliskipulags og gerðir verða nýir lóðarleigusamningar í framhaldi á grundvelli nýs deiliskipulags.

Til þess að framfylgja megi áætlun deiliskipulags þurfa allar núverandi byggingar á deiliskipulagssvæðinu að víkja. Samkvæmt húsakönnun Borgarsögusafns "Ártúnshöfði Svæði 1-4 skýrsla 211 Reykjavík 2021" eru engar byggingar deiliskipulagsins í verndarflokki.

2.5 LANDMÓTUN, EFNISTAKA OG EFNALOSUN

Deiliskipulagið gerir grein fyrir landmótun, hæðarsetningum og endanlegum frágangi yfirborðs. Gefin verða út hæðar- og mæliblöð fyrir allar lóðir. Hæðarlínur gatna eru leiðbeinandi og fylgja hæðarbreytingum í landi með nauðsynlegri aðlögun til að tryggja afrennsli yfirborðsvatns og uppfylla kröfur með tilliti til ferlimála.

Reynist vera mengaður jarðvegur á lóðum skipulagssvæðisins skal gera viðeigandi rástafanir til hreinsunar, sjá nánar í Almennri greinargerð fyrir svæði 1 og svæði 2.

3 GÆÐI BYGGÐAR OG BYGGÐAMYNSTUR

3.1 AÐALSKIPULAG

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og eru áherslur þar m.a.:

- Hagkvæm nýting lands
- Græn svæði og vistkerfi
- Samgöngur
- Atvinna
- Blöndun byggðar
- Lýðheilsa

Nýtt deiliskipulag tekur gildi samhliða nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Þar segir ma. í inngangi: "*Það er brýnt að ráðast í heildræna skoðun á stefnu um íbúðabyggð nú vegna mótunar skipulags fyrir nýjan Borgarhluta í Ártúnshöfða og Elliðavogi.*"

Enn fremur segir: "*Önnur lykil ástæða fyrir endurmati á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð, eru áformin um byggingu Borgarlínu. Vegna skipulags Borgarlínu er mikilvægt að þétta byggðina ennfrekar í þágu hennar, almennt við biðstöðvar og sérstaklega við skilgreindar kjarnastöðvar.*"


[...] "*Við endurmat á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð, um þéttleika byggðar, húsagerðir og staðsetningu uppbyggingar, eru markmið í loftslagsmálum lögð til grundvallar, sem og markmið um líffræðilega fjölbreytni, megin markmið gildandi aðalskipulags og heimsmarkmið SÞ.*"

[...] "*Leiðarljós við mótun nýrrar stefnu er að spyrða betur saman áform um uppbyggingu og þéttleika, það er fjölgun íbúa og starfa, við byggingu og styrkingu vistvænna samgöngukerfa, Borgarlínu, stofnleiða Strætó bs, hjólastígakerfi og gönguleiðir. Það er í takti við Loftslagsstefnu borgarinnar til ársins 2040 og megin markmið gildandi aðalskipulags. Einnig er lögð áhersla á að setja fram ákveðnari markmið og viðmið um gæði íbúðarbyggðar og almenningsrýma borgarinnar. Auk þess fela tillögurnar í sér breytingar á einstökum megin markmiðum aðalskipulagsins, s.s. varðandi breyttar ferðavenjur og almenningssamgöngur, loftslagsmál, húsnæðisstefnu og stefnu um Kaupmanninn á horninu.*"




Horft til austurs yfir Ártúnhöfðann

Deiliskipulagssvæðið merkt á mynd



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

3.2 YFIRBRAGÐ BYGGÐAR OG GÆÐI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS OG NÆRUMHVERFI

Útfærsla skipulagsins einkennist af sterkri áherslu á vandað yfirbragð almenningsrýma, borgarmiðað gatnakerfi og heildstæðar götumyndir með vistvænum áherslum. Borgarlínan er samgöngukostur sem mun styrkja hverfið mikið, en umhverfis biðstöð við Krossamýrartorg er gert ráð fyrir að blöndun verslunar, þjónustu og íbúðarhúsnæðis skapi vettvang mannlífs og menningar innan hverfisins.

Skipulagið gerir almennt ráð fyrir 4ja-6 hæða randbyggð með skjólgóðum inngörðum og fjölbreyttum almenningsrýmum. Íbúðarhúsnæði skulu hafa aðalinngang frá götu og útgengi úr stigahúsi að garði. Aðgengi skal vera inn í garð frá öllum áttum.

Þar sem byggt er til langs tíma er mikilvægt að byggðin hafi innbyggðan sveigjanleika til að bregðast við breyttum þörfum á líftíma sínum

Þakform eru almennt flöt og að hluta lögð gróðurþekju. Yfirbragð bygginga skal vera fjölbreytt í áferð, hæðum húsa og uppbroti. Tryggja skal fjölbreytileika í lit eða efnisvali innan lóðar. Gæði og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt höfð að leiðarljósi. Almenningsrými er mikilvægur þáttur í samfélagi þar sem ásýnd og hönnun þeirra hafa áhrif á upplifun og öryggistilfinningu okkar.

Í markmiðum um gæði íbúðabyggðar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 segir m.a. :

- Meiri en helmingur leiksvæðis barna og önnur dvalarsvæði utandyra, innan lóða sem og á sameiginlegum svæðum, geti notið sólar að lágmarki í 5 klukkustundir þann 1. maí (milli kl. 09 til 17). Mögulegt er þó að víkja frá þessu viðmiði ef sýnt er fram á nálægð við vönduð og sólrík útisvæði í næsta nágrenni.
- Tryggt verði að byggðin og umhverfið milli húsanna beri með sér grænt og manneskjulegt yfirbragð. Gætt verði sérstaklega að blágrænum yfirborðslausnum, að gegndræpi yfirborðs, að lágmarkshlutfall lóðar ségróður-og dvalarsvæði og þess gætt að við uppbyggingu verði ekki gengið á gróskumikil gróðursvæði sem eru til staðar. Við mótun byggðar verði einnig hugað sérstaklega að skjólmyndun.
- Leitast verði við að tryggja náið samspil bygginga og almenningsrýma svo og íbúða og inngarða; að byggingin og inngangar hennar séu í nánum tengslum við virk almenningsrými,
- Í þéttri og samfelldri byggð, s.s. randbyggð, verði hugað sérstaklega að gróðursvæðum í gatnarýminu, til dæmis með hóflegum forgörðum þar sem því verður við komið.
- Við hönnun íbúðarhúsnæðisverði tryggð fjölbreytni í yfirbragði, áferð, hæðum húsa og uppbroti bygginga, gæði og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt höfðað leiðarljósi.

3.3 SKUGGAVARP

Skuggavarp bygginga hefur verið skoðað með tilliti til skugga í inngörðum á jafndægrum, 1.maí og á sumarsólstöðum. Lögð er áhersla á skjólmyndun og heppilega afstöðu til sólar í inngörðum, á götum og torgum.

SKUGGAVARP SUMARSÓLSTÖÐUR



Sumarsólstöður 21. júní kl. 10.00



Sumarsólstöður 21. júní kl. 13.30



Sumarsólstöður 21. júní kl. 17.00

SKUGGAVARP 1. MAÍ



1.maí kl. 10.00



1.maí kl. 13.30



1.maí kl. 17.00


SKUGGAVARP JAFNDÆGUR



Jafndægur 21. september kl. 10.00



Jafndægur 21. september kl. 13.30



Jafndægur 21. september kl. 17.00

3.4 RÝMIN Í HVERFINU - DEILISKIPULAG ÁRTÚNSHÖFÐA SVÆÐI 1

Tilgangur deiliskipulags er að styrkja íbúða- og atvinnustarfsemi í austurborg Reykjavíkur og móta nýjan borgarkjarna í tengslum við eina af meginbiðstöðvum Borgarlínu.

Markmið er einnig að umbreyta iðnaðarhverfi í nútímalega blandaða byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Lögð er áhersla á að skapa umgjörð fyrir menningu, listir, menntun og nýsköpun.

Stórhöfði. Stórhöfði er einn megin ás austur/vestur á svæðinu. Þar er Borgarlínan með sína biðstöð, verslanir og önnur þjónusta. Stórhöfðinn tengir skipulagssvæðið Elliðaárdalnum til vesturs og Höfðabakka til austurs.

Breiðhöfðinn er hinn megin ásinn; liggur norður/suður. Breiðhöfðinn tengir skipulagssvæðið við Bryggjuhverfi til norðurs og Vesturlandsveg til suðurs.

Krossamýrartorg. Krossamýrartorgið er hjarta hverfisins. Þar er svæði fyrir samkomur og annað borgarlíf. Verslanir og veitingastaðir snúa að torginu og Menningarhús er í öndvegi.

Menningarhús. Á Krossamýrartorgi, milli almenningsgarðs og aðaltorgs, er menningarmiðstöðin. Í menningarmiðstöð er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi.

Almenningsgarður. Um miðbik svæðis er gert ráð fyrir almenningsgarði skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Þar er hið græna lunga hverfisins. Hluti almenningsgarðs er utan deiliskipulagssvæðis.

Hamarstígur. Útivistarstígur liggur á brún Hamars umhverfis byggðina. Hluti stígs er utan skipulagssvæðis.



Rýmin í hverfinu

3.5 STAÐAREINKENNI INNAN HVERFIS (HVERFIN)

Deiliskipulagsvæðinu er í meginatriðum skipt í fjögur svæði.

Á vesturhluta svæðisins, Hamrinum, eru íbúðir með einstaka legu til vesturs. Annar hluti er íbúðabyggð, Holtið, norðan tengigötu milli Breiðhöfða og Svarthöfða. Þriðja svæðið er miðsvæðið, Krossamýrartorg, sem er blönduð byggð íbúða af fjölbreyttum gerðum, atvinnutækifærum, þjónustu og menningu. Vestast og austast á miðsvæði er gert ráð fyrir þróunarreitum, t.d. hjúkrunarheimili og menntastofnun.

Lögð er áherlsa á vandaðan frágang borgarrýma í samræmi við Hönnunarhandbók Elliðaárvogs Ártúnshöfða

3.5.1 HAMARINN

Byggðin við Hamarinn er í meginatriðum íbúðabyggð. Inngarðar opna sig til vesturs og tengjast útvistarstíg og hamrabelti. Íbúðir njóta útsýnis af Hamrinum til vesturs. Íbúðarhús á Hamrinum verða eitt af sérkennum svæðisins og mikilvægt að vandað sé til hönnunar þeirra.



Hamarinn



Fjölbýlishús við Hamarinn. Horft austur Stórhöfða.

3.5.2 HOLTIÐ

Holtið er íbúðabyggð norðan við Krossamýrartorg. Byggist upp af randbyggð með lokuðum inngörðum en kvöð um þreplausa almenna umferð um garðana. Hér er gert ráð fyrir fjölbreyttri gerð íbúða ma. íbúðum fyrir stúdenta og möguleika á ungbarnaleikskóla á jarðhæð. Almenningsgarður er að hluta utan skipulagssvæðis.



Holtið



Horft austur eftir nýrri götu. Núverandi byggingar til vinstri á myndinni.

3.5.3 KROSSAMÝRARTORG

Krossamýrartorg er hjartað í hverfinu, sannkölluð blönduð byggð. Hér eru blanda af íbúðum af fjölbreyttum gerðum, atvinnutækifærum, þjónustu og menningu. Hugsanlegt er að hjúkrunarheimili og starfsemi tengd þjónustu við eldri borgara (reitur 8) verði á þessi svæði.

Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu fjölnota menningarhúss við Krossamýrartorg. Menningarhúsið á að þjóna alhliða menningarstarfsemi s.s. fyrir tónleikahald, listsýningar, bókasafn, tónlistarskóla ofl..

Torg, menningarhús, fjölbreyttar verslanir og stoppistöð Borgarlínu eru í lykilhlutverki á Krossamýrartorgi.



Við Krossamýrartorg. Horft austur Stórhöfða.



Krossamýrartorg



Menningarhús við Krossamýrartorg

3.5.4 MENNTUN - ÞRÓUNARREITUR

Á austursvæði deiliskipulags er gert ráð fyrir þróunarreitum sem hugsaðir eru ma. fyrir menntastofnanir, nýsköpun og slíka starfsemi. Gert er ráð fyrir reit fyrir íbúðir námsmanna og ungbarnaleikskóla í tengslum við þær. Gert er ráð fyrir að reiturinn geti tekið breytingum við nánari útfærslu. Mikilvægt er að form og gerð bygginga lagi sig að heildarmynd Krossamýrartorgs og tengist umferðarkerfi svæðisins.



Menntastofnun og skyld starfsemi

3.6 ALMENNINGSRÝMI, HVERFISTORG, ÁNINGASTAÐUR, LEIK- OG DVALARSVÆÐI

3.6.1 ALMENNINGSRÝMI

Í þéttri byggð gegna almenningsrými veigamiklu hlutverki. Skipulagið gerir almennt ráð fyrir randbyggð, með skjólgóðum inngörðum og bæjarrýmum.

Útfærsla skipulagsins einkennist af sterkri áherslu á borgarmiðað gatnakerfi, heildstæðar götumyndir og vistvænar áherslur í samræmi við áherslur í Hönnunarhandbók Ártúnshöfða og Elliðavogs.

Sjálfbær meðhöndlun ofanvatns er einn af megin þráðum rammaskipulags Elliðaárvogs og Ártúnshöfða. Vefur grænna svæða gegnir lykilhlutverki við að safna vatni af þökum, götum og bílastæðum, hægja á rennsli þess, hripa því niður og brjóta niður óhreinindi í gegnum gróður og jarðlög og fleyta því til sjávar sem ekki skilar sér niður.

Almenningsrými, götur, stígar og opin svæði eru í eigu og umsjón Reykjavíkurborgar. Við hönnun og útfærslu allra almenningsrýma og gatna skal lögð sérstök áhersla á:

- Heildaryfirbragð hverfisins og efnisval
- List í almenningsrýmum
- Leiksvæði, þemavelli og áfangastaði
- Gróður, trjárækt og líffræðilegan fjölbreytileika
- Útivistarstíg á brún Höfðans
- Borgar- og leiktorg

Unnin var sérstök hönnunarhandbók almenningsrýma og er hún sérstakt fylgiskjal deiliskipulags.
Við hærri byggingar og við mikilvæg almenningsrými skal sérfræðimat á áhrifum hönnun byggingarinnar á vindafar í götuhæð fylgja byggingarleyfisumsókn. Ef matið sýnir að hönnun byggingarinnar eykur vind á dvalarsvæðum og í göturýmum skal sýna fram á hvernig dregið verður úr þeim áhrifum með mótvægisaðgerðum eða aðlögun á hönnun hússins.



Leiksvæði og áfangastaðir L Leiksvæði A Áfangastaðir

3.6.2 LEIK- OG DVALARSVÆÐI

Gera skal ráð fyrir sameiginlegum leik- og dvalarsvæðum innan lóða og er útfærsla á ábyrgð lóðarhafa. Vanda skal í hönnun leiksvæða. Einnig er gert ráð fyrir leiksvæðum á borgarlandi og í Hverfisgarði.

Í kafla 5 í innviðahefti er fjallað um almenningsrými.

Rammaskipulag Elliðaárvogs og Ártúnshöfða gerir ráð fyrir stórum almenningsgarði á Geirsnefi.



Dæmi um minni dvalarstaði við torg og stíga

3.6.3 TORG

Torg og áfangastaðir eru víða á svæðinu. Þau eru hugsuð sem afdrep og dvalarstaðir með mismunandi útfærslum. Við nýja götu austur/vestur eru þrjú afmörkuð torgsvæði innan íbúðareita með gróðri og leikaðstöðu fyrir börn. Kvöð er um almenna nýtingu þessara torga. Víða er gert ráð fyrir lifandi starfsemi í rýmum sem liggja að torgum.

3.6.4 GÖTUR SEM BORGARRÝMI

Mikil áhersla er lögð á vandaða hönnun göturýma. Fjallað er um hana í Hönnunarhandbók almenningsrýma. Í götum er gert ráð fyrir gróðri, gönguleiðum, regnbeðum, hjólastæðum og einstaka bílastæðum.

3.6.5 STÍGUR Á HAMARSBRÚN

Á brún Höfðans er gert ráð fyrir útvistarstíg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Stígnum tengjast opin leiksvæði og aðrir áfangastaðir. Hluti stígs er utan deiliskipulagssvæðis.



Við Hamarstíg

3.6.6 HVERFISGARÐUR

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er gert ráð fyrir hverfisgarði, miðsvæðis í tengslum við fyrirhugað menningarhús og Krossamýrartorg. Í tengslum við garðinn verður vandað leiksvæði sem mun nýtast öllu hverfinu.

Til þess að tryggja að Hverfisgarðurinn sé eftirsóknarverður til útivistar á öllum árstíðum og í öllum veðrum skal vanda til hönnunar, með eftirsóknarverðum leiktækjum og gróðri.

Hverfisgarðurinn er að mestu utan deiliskipulagssvæðis.



Horft austur eftir nýrri götu. Hverfisgarður til vinstri á myndinni



Hverfisgarður samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

3.7 VIRKAR GÖTUHLIÐAR

Tveir meginásar umferðar eru um skipulagssvæðið; Breiðhöfði og Stórhöfði. Að þessum götum er gert ráð fyrir smærri einingum verslunar- og þjónustuhúsnæðis til þess að gera götuhliðar fjölbreyttar og stuðla að líflegu götulífi meðfram byggingum. Þetta gildir einnig um húshliðar að Krossamýrartorgi.


Í skipulaginu er lögð áhersla á tengsl milli almenningsrýmis og þeirrar starfsemi sem á sér stað innan bygginga. Deiliskipulagið gerir kröfu um að á ákveðnum svæðum verði götuhæðir virkar. Virkar, lifandi götuhliðar styrkja öryggistilfinningu vegfarenda.

Virkar götuhæðir eru verslun og þjónusta sem aðgengileg er almenningi. s.s. smávöruverslun, veitinga- og kaffihús o.s.frv. Þar er gerð krafa um að starfsemi skuli vera opin og aðgengileg almenningi á hefðbundum verslunartímum. Á götuhæðum allra íbúðarbygginga er þó heimil nærþjónusta og minniháttar hreinleg atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu.

Þar sem götuhæðir eru skilgreindar sem virkar er markmiðið að skapa lifandi heildargötumynd. Starfsemi eða hluti hennar skal vera opin með aðgengi beint frá viðkomandi almenningsrými og óheimilt er að hylja glugga með auglýsingum, merkingum, gluggatjöldum o.s.frv.



Dæmi um virkar götuhliðar



Virkar götuhliðar

3.8 KENNILEITI

Þær byggingar sem merktar eru sem kennileiti er áskorun fyrir hönnuði bygginga til að leggja sérstaka alúð við hönnun og skapa eftirminnileg sérkenni. Þar sem byggingar eru merktar með stjörnu er í hæðarsetningu efstu hæðar gert ráð fyrir yfirhæð á hluta byggingareits og eru mikilvægt að hönnuðir nýti sér þá heimild.


Menningarhúsið verður tákn hverfisins og krefst sérstakrar alúðar við hönnun.

Byggingar við Hamarinn eru andlit hverfisins til vesturs og eru mikilvægar fyrir heildarsvip svæðisins. Sama gildir um byggð að austanverðu sem snýr að Bryggjuhverfi. Þessar byggingar er þó ekki stjörnumerktar.

Staðsetning kennileita og mikilvægra húshliða er merkt inn á uppdrátt.



Dæmi um kennileiti



Kennileiti og mikilvægar hliðar

3.9 LIST

Í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar skal list vera veigamikill i hluti heildarhönnunar almenningsrýma Ártúnshöfða. Tilgangurinn er er að færa menningu og listir út í bæjarrýmið með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval almenningsrýma þar lista- og menningarlíf fléttast saman við götulífið og gefur svæðinu sérstöðu. Listasafn Reykjavíkur mun hafa umsjón með listaverkum á deiliskipulagssvæðinu og kemur að vali listaverka, auk þess að veita ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd.



Dæmi um list í almenningsrýmí



Hugsanlegar staðsetningar listaverka

3.10 STARFSEMI

Starfsemi á deiliskipulagssvæðinu er í samræmi við landnotkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Nánari skilgreining á landnotkun kemur fram í sérskilmálum fyrir hverja lóð.

Innan skilgreindra íbúðarsvæða er mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi enda sé um að ræða þrifalega starfsemi sem samræmist búsetu og ekki veldur ónæði.

Á deiliskipulagssvæðinu eru m.a. eftirfarandi heimildir fyrir atvinnustarfsemi:

- Skrifstofur
- Opinber grunnþjónusta
- Menntastofnanir
- Verslanir, þjónusta og veitingarekstur
- Stærri matvöruverslanir, allt að 2000 m²
- Menningarhús / gallerí
- Líkamsræktarstöð
- Stofnanir/öldrunarþjónusta
- Ungbarnaleikskólar
- Hótel og gistiheimili
- Matvöruverslun




Fyrsta hæð



Önnur hæð



Efri hæðir



Skýringarmyndir-leiðbeinandi landnotkun

3.11 ÁFANGASKIPTING

Í skipulagsreglugerð segir: „Gera skal grein fyrir hvernig stefnt er að framkvæmd deiliskipulags svo sem með skilmálum um áfangaskiptingu og framkvæmdatíma ef við á. Stórum skipulagssvæðum skal skipta í framkvæmdaáfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar.“

Gert er ráð fyrir að uppbygging deiliskipulagssvæðisins hefjist næst Hamrinum og síðan þróunarásnum og út frá honum í takt við eftirspurn og efnahagsaðstæður.

Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðisins verði lokið á 10 árum m.v. eðlilegar efnahagsaðstæður.



Fyrirhuguð áfangaskipting

-Fyrsti áfangi
-Annar áfangi
-Þriðji áfangi

4 SAMGÖNGUR

Í gildi er Samgöngustefna Reykjavíkur, Samgöngustefna fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, Loftslagsstefna Reykjavíkur, Umhverfis- og Auðlindastefna Reykjavíkur og Hjólreiðaáætlun þar sem nánar er kveðið á um markmið og aðgerðir í samgöngumálum borgarinnar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru skilvirkar og öruggar samgöngur án umfangsmikilla gatnaframkvæmda markmið.

Lögð er megin áhersla á vistvænar samgöngur í samgöngukerfi deiliskipulagssvæðisins. Umferð gangandi og hjólandi er í forgangi og almenningssamgöngur skulu vera aðgengilegar, áreiðanlegar og öruggar. Stígakerfi tengist stígakerfi aðliggjandi útivistar- og íbúðarsvæða.

Göturými innan hverfisins er skýrt afmarkað af 4ra - 6 hæða byggingum með húshliðum að gangstétt, þar sem lögð er áhersla á aðlaðandi göturými og aðgerðir til að draga úr umferðarhraða. Hærri byggingar eru við Stórhöfða. Þarfir gangandi og hjólandi vegfarenda eru settar í forgang við hönnun gatna og hugað er sérstaklega að aðgengi fyrir alla.

Gróðurbelti verða með markvissu millibili milli bílastæða sem munu nýtast til meðhöndlunar ofanvatns. Gert er ráð fyrir að hverfið geti stutt við félagslegan fjölbreytileika og mun aðlaðandi rými sem fyrst og fremst er ætlað fólki, auka líkurnar á félagslegum samskiptum.

Stórhöfði er bæði breiðgata og samgöngu- og þróunarás sem tengir deiliskipulagssvæðið við byggð á Ártúnshöfða jafnframt því að tengjast vesturhluta borgarinnar með hágæða almenningssamgöngum. Miðað er við að umferðarhraði hverfisins verði takmarkaður. Lítill umferðarhraði eykur til muna umferðaröryggi og hvetur til notkunar vistvænna ferðamáta sem gerir götur meira aðlaðandi.

Aðrar götur innan hverfisins eru ýmist húsagötur, botnlangar eða vistgötur með 10 - 30 km/klst hámarkshraða, bílastæðum í götu, samsíða og/eða þvert á götu, trjágróðri, hjólastæðum og gangstéttum næst byggingum. Gróðurbelti eru með markvissu millibili á milli bílastæða sem munu nýtast til meðhöndlunar ofanvatns.

Viðmið um fjölda bíla- og hjólastæða eru sett fram í samgöngumati dags. mars 2021 og eru í samræmi við áherslur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Samgöngustefna er samansafn mismunandi aðgerða til að stuðla að því að ferðir íbúa, starfsmanna og gesta séu með vistvænum hætti. Í deiliskipulaginu er gerð krafa um virka samgöngustefnu fyrirtækja og gerð krafa til fyrirtækja sem flytja inn á svæðið að þau bjóði upp á samgöngusamninga fyrir starfsmenn sína. Nánar er vísað í samgöngustefnu í kafla 3.4 í samgöngumati.

Svæði fyrir vörumóttöku og aðkomu sorphirðubíla skal útfæra með þeim hætti að öryggi vergfarenda sé tryggt, og að athafna- og snúningssvæði þveri ekki helstu göngu og hjólaleiðir og almenn bílastæði.



Stórhöfði við Krossamýrartorg-horft í vestur



Stórhöfði horft í vestur



Stórhöfði við Krossamýrartorg-horft í austur

4.1 BORGARLÍNA

Krossamýrartorg er lifandi borgartorg. Umhverfis torgið verður framboð af verslun, menningu, þjónustu og íbúðir. Torgið hefur alla burði til að vera lifandi staður í hjarta austurborgarinnar. Borgarlínan, með biðstöð við suðurhluta torgs, verður öflugur samgöngukostur fyrir hverfið. Umhverfis biðstöðina skapar blöndun verslunar, þjónustu og íbúðahúsnæðis vettvang öflugs mannlífs í hjarta þess.

Vandaðar borgarlínustöðvar stuðla að auknu öryggi og þægindum farþega, óháð veðri. Þær verða kennileiti sem falla vel inn í umhverfið, skapa spennandi bæjarrými, boðberar nýrra tíma. Áhersla verður lögð á góða aðstöðu fyrir reiðhjól við stöðvar Borgarlínu sem auðveldar fólki að ferðast síðustu metrana á umhverfisvænan hátt. Borgarlína er grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð. Samhliða innleiðingu Borgarlínu er unnið að breytingum á leiðaneti Strætó og verður Krossamýrartorg einn af tengipunktum nýs leiðakerfis. Einnig er lögð áhersla á uppbyggingu stígakerfis fyrir gangandi og hjólandi á samgöngu-og þróunarásum á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að þétting byggðar eigi sér stað meðfram Borgarlínu til þess að tryggja farþegagrunn Borgarlínu. Gert er ráð fyrir að byggð verði þéttust umhverfis lykil borgarlínustöðvar. Krossamýrartorg verður ein slíkra stöðva.



Krossamýrartorg - Borgarlína á Stórhöfða

4.2 DEILIBÍLAR-ÖRFERÐAMÁTI

Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir deilibílum í samræmi við kafla 3.3 í samgöngumati. Deilibílar eru aðgengilegir í opnum bílageymslum og mögulega með sérstök stæði í götum. Fjöldi deilibíla er skilgreindur í samgöngumati. Í hjóla- og bílastæðakröfum Reykjavíkurborgar er ekki sérstaklega rætt um áhrif deilihjóla (rafmagns eða venjulegra), rafmagns deilihlaupahjóla og annan örferðamáta, en gera má ráð fyrir að við frekari hönnun almennings- og göturýma verði örferðamáta gert hátt undir höfði.




Krossamýrartorg

4.3 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR

Göngu- og hjólatengingar innan hverfis og yfir Elliðaárvog eru eins og best verður á kosið. Göngu- og hjólatengingar innan hverfis munu bjóða upp á stystu leið á milli staða til að hvetja til notkunar virkra ferðamáta sem eru í forgangi.

Gert er ráð fyrir sérstökum hjólastígum í göturýmum borgargatna og að almennt verði upphækkaðar göngu- og hjólaþveranir yfir götur.

Megin göngustígar og gönguleiðir á Krossamýrartorgi verða upphitaðar.



Göngu og hjólaleiðir

4.4 BÍLASTÆÐI

Í skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir bílastæðum í göturýmum, bílakjöllurum á fjölbýishúsalóðum og stærri bílageymsluhúsum fyrir almenn bílastæði. Innan skipulagssvæðisins verður blönduð byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Heildarskipulag bílastæðamála miðast við að nýta kosti þessarar samsetningar með samnýtingu bílastæða eins og kostur er m.a. með opnum bílastæðahúsum miðsvæðis. Gert er ráð fyrir að þessi bílastæðahús geti í framtíðinni einnig mætt að hluta bílastæðaþörf aðliggjandi svæða utan deiliskipulagssvæðisins. Því eru heimilaður heildarfjöldi bílastæða um 10% meiri en viðmið samgöngumatsins gerir ráð fyrir.

Alls er gert ráð fyrir um 2.200 bílastæðum að hámarki á skipulagssvæðinu sem skiptist í aðalatriðum skv. eftirfarandi:

- Bílastæði á yfirborði (í götum) : ~11% (um 240)
- Bílageymslur í séreign : ~30% (um 660)
- Bílastæðahús : ~59% (um 1.300)

Á reitum 8, 9, 10 og 11 er 90% bílastæðaheimildar áætlaður fyrir opin bílastæðahús með tilheyrandi samnýtingu. Í skilmálatöflu eru tilgreindar heimildir fyrir hámarksfjölda stæða innan hverrar lóðar. Að lágmarki skal byggja 50% leyfilegra stæða innan hverrar lóðar. Ef t.d. leyfilegur fjöldi er að hámarki 100 stæði innan viðkomandi lóðar skal að lágmarki byggja 50 stæði.

Með samnýtingu bílastæða er hægt að fækka heildarfjölda þeirra. Eftirspurn eftir bílastæðum nær há- og lágmarki á mismunandi tímum dags og er breytileg eftir landnotkun. Til dæmis eru bílastæði við skrifstofuhúsnæði yfirleitt fullnýtt að degi til en tóm á kvöldin og um helgar. Öfugt er farið með íbúðarhúsnæði, þar sem bílastæði eru yfirleitt aðeins fullnýtt seint á kvöldin og um helgar. Með blöndun slíkrar uppbyggingar er hægt að gera ráð fyrir ágætri samnýtingu bílastæða. Við samnýtingu bílastæða er mikilvægt að bílastæði séu ekki frátekin fyrir ákveðin fyrirtæki, starfsmenn eða íbúðir. Þannig geta mismunandi notendur samnýtt bílastæði.



Bílastæði neðanjarðar

4.5 HJÓLASTÆÐI

Hugað er sérstaklega að ferlimálum og aðgengi á deiliskipulagssvæðinu. Tryggja skal greitt aðgengi gangandi og hjólandi um hverfið, en stígakerfi hverfisins tengist stofnstígakerfi borgarinnar og stígum aðliggjandi hverfa. Á skipulagssvæðinu skulu vera öruggar, læstar hjólageymslur með góðri aðstöðu, t.d. með hleðslu fyrir rafmagnshjól, aðgengi að pumpu og verkfærum. Gerð er krafa um aðgengi starfsfólks í atvinnuhúnæði að sturtum og búningsaðstöðu. Hjólastæðum er komið fyrir í almenningsrýmum í samræmi við leiðbeiningar í Hönnunarhandbók almenningsrýma. Einnig er mikilvægt að góð hjólastæði séu í tengslum við innganga. Í samgöngumati kemur fram að áætlaður fjöldi hjólastæða geti orðið um 4.600-6.300 á deiliskipulagssvæðinu. Í skilmálatöflu kemur fram fjöldi hjólastæða á hverri lóð.

Á lóðum íbúa og atvinnustarfsemi skal gera ráð fyrir að reiðhjólastæði undir þaki verði hluti af sérhverju húsi eða tengd bílageymslum. Auk þess má geyma hjól í yfirbyggðum hjólaskýlum. Hjólaskýli á lóð skal vera á steyptum undirstöðum og með öruggum festingum til að læsa hjólum við. Hjólaskýli skal staðsett í góðum sjónrænum tengslum við aðalinngang og /eða gluggahlið íbúða. Lágmarks stærðir fyrir hjólastæði innan hjólageymslu, þar sem hjólastæði eru á gólfi eru eftirfarandi: 1 hjól: 2 m × 0.75 m , 2 hjól: 2 m × 1.5 m og 4 hjól: 2 m × 2.5 m. Þar sem hjól eru hengd upp er stærð hjólastæða frjáls að því tilskildu að hægt sé að nálgast hvert hjól fyrir sig án þess að hreyfa önnur hjól. Koma skal fyrir stæðum fyrir hjól við götur í tengslum við græn svæði og nálægt biðskýlum almenningsvagna / borgarlínustöðva.



Hjólastæði

4.6 BÍLASTÆÐI Í GÖTUM

Bílastæði við götur verða gjaldskyld og í eigu og umsjón Reykjavíkurborgar. Þau eru hugsuð sem almenn bílastæði viðskiptavina, gesta og íbúa hverfisins. Bílastæði í göturými skulu vera með gegndræpu yfirborði, t.d. hellulögn, grassteini eða öðrum slitsterkum, hripandi einingum.

Óheimilt er að sérmerkja bílastæði í götu ákveðnum lóðum eða fasteignum. Fjöldi og gerð bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera skv. byggingarreglugerð. Við innganga skal gera ráð fyrir þjónustustæðum sem ætluð eru til skammtíma stöðvunar bíla.

4.7 BÍLASTÆÐAHÚS, BÍLGEYMSLUR

Gert er ráð fyrir gjaldskyldum bílastæðahúsum, opnum almenningi, miðlægt á svæðinu, nánar tiltekið á reitum 8,9,10 og 11. Bílastæðahúsin þjóna hluta bílastæðaþarfar deiliskipulagssvæðisins. Hluti bílastæðaþarfar íbúðahúsa er leyst í þessum opnu bílastæðahúsum og öll þörf bílastæða fyrir atvinnustarfsemi. Almennt er ekki heimilt að sérmerkja stæði í opnum bílageymslum.

Opin bílastæðahús skulu vera björt, aðgangsstýrð eða vöktuð með myndavélum. Í öllum bílastæðahúsum og bílageymslum skal vera aðgangur að rafhleðslukerfi fyrir rafbíla og við hönnun bílgeymsla þarf að gera ráð fyrir rými fyrir hleðslubúnað. Jafnframt skal gera ráð fyrir að hægt sé að setja upp hleðslubúnað við bílastæði nærri inngöngum.



Opnar bílgeymslur

5 MEÐHÖNDLUN OFANVATNS

Ofanvatnskerfi deiliskipulagssvæðisins verður sambland af ofanvatnslögnum í götum og blágrænum ofanvatnslausnum. Megintilgangur blágrænna ofanvatnslausna er að líkja eftir náttúrulegum ferlum regnvatns eins og þeir voru áður en landsvæðið byggðist upp. Það er gert með því að fanga regnvatn þar sem það fellur til jarðar og á húsþök og leyfa eins miklu vatni og hægt er að síast í jörðu eins nálægt þeim stað þar sem það féll og skila í nálægar regnvatnsrásir á þeim hraða, í því magni og með þeim gæðum sem einkenndi svæðið fyrir byggð.

Miðað er við að mest allt yfirborðsvatn og regnvatn sem fellur til á svæðinu verði meðhöndlað í ofanvatnslausnum bæði innan lóðar og utan og er á ábyrgð lóðarhafa. Horfa þarf til fjölbreytni við val á gróðurgerð og plöntu-tegundum. Mikilvægt að regngarður verði hluti af gróðurþekju og sé í beinni tengingu við jarðveg. Gróðurþekja og rætur trjáa binda vatn í jarðvegi og hafa jákvæð áhrif á loftgæði.

Lögð er áhersla á að nýta græn svæði undir Ártúnshöfðanum fyrir hreinsun ofanvatns frá efri byggðum svæðisins og var sérstök frumáætlun um meðhöndlun ofanvatns útbúin sem útlistaði leiðbeiningar fyrir stærðarákvörðun, hönnun og útfærslur á ofanvatnslausnum. Megin hluti þessa græna geira liggur í gegnum deiliskipulagssvæðið undir Hamrinum (svæði 2) og tekur ma. við ofanvatni ofan af Ártúnshöfða.

Hreinsun ofanvatns innan lóða: Lóðir skulu vera hannaðar með það að markmiði að regngarðar, gróðurþök og önnur gróðurþekja sé nýtt til þess að lágmarka magn ofanvatns sem rennur af yfirborði lóða. Almennt fá lóðir eina heimæðatengingu sem tekur við yfirfalli stærri rigningarviðburða. Reitir fyrir regngarða eru sýndir á skipulagsuppdrætti. Stærð þeirra skal vera 100 - 200 m² og er staðsetning þeirra leiðbeinandi.

Hreinsun ofanvatns frá götum og gangstéttum fer fram í tvenns konar blágrænum ofanvatnslausnum staðsettum í götuýminu:

Regnbeð: Regnbeð eru staðsett með jöfnu millibili í lágpunktum í götuýmum og safna yfirborðsvatni sem síast í gegnum gróður og sandlög niður í jarðveg eða í drenrör sem er tengt í brunn. Brunnurinn er svo einnig með yfirfalli sem er tengt við ofanvatnslögn í götu og tekur við stærri úrkomuviðburðum.

Ofanvatnsrásir: Gróðurrásir/dældir meðfram langhalla gatna, í miðdeilum eða neðan við þverhalla gatnasniða. Afrennsli af götum er hleypt inn í ofanvatnsrásirnar í niðurfelldum kantsteini og rennur á yfirborði og síast í gegnum gróður eða niður í jarðveg þar sem vatn hreinsast áður því er hleypt í viðtaka eða næsta hlekk í ofanvatnskeðjunni.



Ofanvatnslausnir-frumhönnun

6 BYGGINGAR OG LÓÐIR

Meginháhersla deiliskipulagsins er að mannlíf sé sett í forgrunn með áherslu á hönnun umhverfis í augnhæð. Sérstaklega skal vanda til hönnunar á götuhæðum svo byggingar gefi til umhverfisins og tengist almenningsrýmum með virkum og opnum hætti. Brýnt er að hönnuðir mannvirkja og umhverfis á skipulagssvæðinu kynni sér ítarlega skilmála sem gilda fyrir hönnun bygginga og útirýma á viðkomandi lóð. Byggðamynstur, byggingarlínur, hæð húsa, byggingarmagn, nýting og starfsemi eru skilgreind fyrir hverja lóð/reit í sérskilmálum og skilmálatöflu.

6.1 HÖNNUN BYGGINGA

Annars vegar er gert ráð fyrir á 4ra-6 hæða randbyggð sem umlykur garðrými og hins vegar hærri og þéttari byggð við Krossamýrartorg. Áhersla er lögð á skjólmyndun og heppilega afstöðu til sólar í inngörðum með því að staðsetja lægstu byggðina í suðvesturhorni hvers reits. Lóðir sem standa við græn opin svæði eru opnar að þeim.

Gert er ráð fyrir íbúðum, atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu miðsvæðis í tengslum við hverfistorg og Krossamýrartorg. Þar verður m.a. biðstöð Borgarlínu. Æskilegt er að nýbyggingar hafi innbyggðan sveigjanleika og svigrúm fyrir mismunandi notkun á líftíma þeirra sem gefur íbúum kost á að búa lengur á heimili sínu þótt hagur breytist. Við hönnun íbúða ber að hafa í huga að heimilið myndar umgjörð um fjölbreyttar, daglegar athafnir, t.a.m. samveru, hvíld, leik og heimavinnu. Gæta skal sérstaklega að dagsbirtuskilyrðum í íbúðum. Æskilegt er að íbúðir séu gegnumgangandi eða hafi glugga til a.m.k. tveggja hliða. Stærð og staðsetning glugga skal taka mið af dýpt rýmisins og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á birtuskilyrði, t.d. svalir yfir gluggum. Ákjósanlegt er að hver íbúðagerð sé mismunandi í stærðum og útfærslum og að auðvelt sé að breyta herbergjafjölda innan íbúðar. Gera skal gera ráð fyrir loftræsingu, fitugildrum og öðum tæknibúnaði vegna starfsemi neðri hæða innan bygginga. Óheimilt er að vera með gluggalaus svefn- og dvalarrými í íbúðum.

Í almennum skilmálum (Kafli 4 Samfélag) fyrir deiliskipulagssvæðin eru settar fram áherslur og viðmið um stærðir og gerðir íbúða. Þetta er m.a. gert til að stuðla að félagslegum fjölbreytileika hverfisins og fjölbreyttu framboði íbúða hvað varðar stærð og gerð. Íbúðir á götuhæðum ber að útfæra með það í huga að einkalíf og næði frá umferð sé tryggt. Miðað er við að íbúðum á götuhæðum sé lyft upp eða þær dregnar til baka frá götu, t.d. með því að koma fyrir forgarði.

Á lóðum með fleiri en 30 íbúðir er miðað við eftirfarandi íbúðastærðir:

- Hlutfall tveggja herberga íbúða eða minni verði á bilinu 15-35%
- Hlutfall þriggja herberga íbúða verði á bilinu 20-45%
- Hlutfall fjögurra herberga íbúða verði á bilinu 15-35%
- Hlutfall fimm herberga íbúða eða stærri verði á bilinu 10-20% - en verði næst Krossmýrartorgi og Breiðhöfða 5- 20%
- Samanlagt hlutfall þriggja herberga íbúða og minni má ekki vera hærra en 70%
- Samanlagt hlutfall fjögurra herberga íbúða og stærri má ekki vera lægra en 30%

Í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun verður sú kvöð á lóðum að um 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar hafa Félagsbústaðir hf. kauprétt á 5% íbúða í húsum á hverri lóð.

6.1.1 HÆÐIR HÚSA

Almennt skal miðað við að salarhæð í íbúðarhúsnæði sé 3,0 m. Salarhæð húsnæðis sem nýta má sem atvinnuhúsnæði verði 3,5 m en skal þó vera í hæð sem hentar til aðgengis beint frá götu. Götuhæðir við borgargötur og/eða þar sem starfsemi er heimil á jarðhæð skulu vera með aukinni salarhæð. Í sérskilmálum eru gefnar upp hámarkshæðir húsa og mega efstu brúnir útveggja ekki fara upp fyrir tilgreindar hámarkshæðir. Heimilt er að lyftuhús, tæknibúnaður o.þ.h. fari allt að 1,5 m upp fyrir hámarkshæð húss. Slíkar þakbyggingar skulu vera í að lágmarki 2 m fjarlægð frá úthlið og skulu vera að hámarki 5% þakflatar viðkomandi byggingar. Vanda skal ásýndir tæknibúnaðar.

Kótar á sneiðingum eru leiðbeinandi þar sem hönnun gatna hefur ekki farið fram. Hæðarkótar geta því breyst, en hámarkshæð húsa er bindandi.

6.1.2 BÍLAKJALLARAR INNAN ÍBÚÐAREITA


Heimilt er að nýta rými í kjallara fyrir bílageymslur, stoðrými, tæknirými, geymslur og önnur sameignarrými. Bílakjallarar skulu vera að mestu leyti neðanjarðar í samræmi við snið í sérskilmálum. Byggingarheimildir neðanjarðar eru tilgreindar sérstaklega, þar með talið flatarmál bílakjallara. Leiðbeinandi staðsetningar innkeyrsla í bílakjallara á húshliðum er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti. Skábraut niður í bílakjallara skal vera lokuð og falla inn í form byggingar. Bílakjallarar skulu útfærðir þannig að þeir taki mið af ofanvatnslausnum, kröfum um garðrými og gróðurþekju.

6.1.3 BYGGINGAREITIR

Um er að ræða randbyggð, svo gert er ráð fyrir að flestar byggingar séu byggðar í lóðamörk. Byggingarreitir innan lóða eru afmarkaðir rúmir. Þeir sýna ekki endanlegt fótspor mannvirkja og er ekki gert ráð fyrir að þeir séu fullnýttir. Byggingarreitir eru endanlega afmarkaðir á mæliblöðum og skulu byggingar vera innan þeirra nema annað sé tekið fram í sérskilmálum. Mikilvægt er að byggingar myndi ekki einsleitan og samfelldan flöt meðfram götu og er því æskilegt að víkja frá byggingareit með út- og/eða innskotum (sjá kafla 6.1.7). Byggingareitir íbúðahúsa eru almennt 14 m eða 15 m. Þar sem byggingareitir eru 14 m er gert ráð fyrir að dýpt bygginga sé að jafnaði 12,5 m og þar sem þeir eru 15 m er gert ráð fyrir dýpt bygginga sé að jafnaði 13,5 m. Svalir og minni útskot mega fara út fyrir byggingareiti.

6.1.4 ROF Í BYGGINGAR

Til að tryggja aðgengi og hleypa að birtu í inngarða eða út í aðliggjandi götu er gerð er krafa um rof í byggingarmassann. Lágmarksbreidd er 6 metrar og er staðsetning á skipulagsuppdrætti leiðbeinandi. Rof í byggingarmasann skulu ná frá jörðu og upp úr nema annað sé tekið fram í sérskilmálum. Heimilt er að vera með rof á öllum hliðum byggingar. Kvöð er um þreplausa almenna umferð gangandi um inngarða.




6.1.5 INNGANGAR

Aðalinngangar íbúðahúsnæðis eru frá götum en einng skal vera aðgengi um sameign frá inngörðum.

Lögð er áhersla á að inngangar séu gagnsæir, vel hannaðir og sýnilegir enda mikilvægt atriði í heildaryfirbragði hverfis og götulífi. Inngangur er hluti af virkri götuhæð, skrifstofuhúsnæðis eða samfélagslegu rými íbúða og skulu vera vel afmarkaðir og staðsettir nálægt helstu gönguleiðum á svæðinu.

Inngangar almennings að opnum bílakjöllurum sem staðsettir eru innan nýbygginga, skulu vera hannaðir sem hluti af heildarhönnun byggingar en þeir skulu vera vel afmarkaðir og skýrt gefið til kynna til hverra nota þeir eru.



Inngangar eru mikilvægir í heildaryfirbragði hverfis og götulífi.



Aðalinngangar eru frá götum - aðgengi að inngörðum. Leiðb. staðsetning

6.1.6 SVALIR, ÚTBYGGINGAR OG SVALGANGAR ÍBÚÐAHÚSA


Heimilt er að svalir standi allt að 0,8 m út fyrir byggingareit. Almennt er heimilt og æskilegt að gera þaksvalir á þökum bygginga þar sem aðstæður leyfa og þar sem stöllun er í formi bygginga. Handrið þaksvala skulu almennt vera gegnsæ.

Heimilt er að setja upp svalalokanir sem eru hluti af heildarútliti bygginga og skal gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum.

Íbúðir sem hafa hlið að inngarði skulu ávallt hafa svalir og/eða franskar svalir sem snúa að inngarði.

Fjallað er um svalganga í sérskilmálum hverrar lóðar. Svalgangar eru óheimilir meðfram götuhliðum bygginga. Gerðar eru ríkar kröfur um góða hönnun og vandað efnisval þar sem notast er við svalaganga. Mikilvægt er að svalgangar nýtist sem setusvæði/dvalarsvæði þar sem sólar gætir.

Heimilt og æskilegt er að vera með útbyggingar/útskot sem ná út fyrir byggingareit. Hvert útskot má ekki vera breiðara en um 5 m og dýpra en 0,8 m og ekki á meira en 20% húshliða. Útskot og svalir eru óheimilar á jarðhæð nema innan byggingareits. Taka skal tilliti til aðgengi við tæmingu djúpgáma við staðsetningu úskota. Leggja skal sérstaka alúð við útlit norðurhliða með útskotum eða svölum.



Dæmi um útfærslu svala




Dæmi um útskot

6.1.7 ÞÖK

Gert er ráð fyrir blöndu af flötum þökum og hallandi á skipulagssvæðinu. Almennt gert ráð fyrir gróðurþekju á flötum þökum. Þakform eru frjáls á hluta svæðisins og er frekar fjallað um þök í sérskilmálum hverrar lóðar. Vakin er athygli á heimild til yfirhæðar efstu hæða þar sem eru kennileiti.






Dæmi um útfærslu þakkgarða

6.1.8 ÞAKGARÐAR OG ÞAKHÝSI

Heimilt er að útbúa sameiginlega þakgarða í hverfinu til að bæta gæði íbúða og hvetja til félagslegra samskipta.

Heimilt er að koma fyrir þakhýsum á þökum sem gætu verið sameiginleg rými fyrir íbúa og gróðurskálar til ræktunar. Þakhýsi skulu vera hluti af arkitektúr húsanna, vera inndregin um 2 m frá úthlið húsa og mega ekki rýra gæði vegna skuggamyndunar. Þakhýsi skulu vera innan byggingareits. Fermetrar þakhýsa skulu rúmast innan A fermetra.





Dæmi um þakbyggingar

6.1.9 SKILTI OG LÝSING

Við hönnun skilta skal gæta þess að þau séu ekki truflandi vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar fyrir nærliggjandi íbúðabyggð. Taka skal tillit til umlykjandi byggðar svo sjón-/ ljósmengun sé í lágmarki. Skilti eru einungis heimiluð fyrir þá starfsemi sem er innan reitsins. Skilti og merkingar fyrir starfsemi skulu merkt á aðaluppdrætti.

Lýsing í inngörðum og svalagöngum íbúðarhúsa skal vera hófsöm og lágstemmd svo hún verði ekki til ónæðis.

Vakin er athygli á því að í gildi er skiltareglugerð Reykjavíkur og skal hún höfð til hilðsjónar við uppsetningu skilta.



6.1.10 BYGGINGAREFNI, LITIR


Almennt skal nota ljósa liti í hverfinu og á það á sérstaklega við um þar sem þéttleikinn er mestur.



Lögð er áhersla á að við val á byggingarefnum sé unnið út frá umhverfissjónarmiðum þar sem heildaryfirsýn á líftíma bygginga og byggingarefna er höfð að leiðarljósi til að meta visthæfi þeirra. Nota skal hlýlega og náttúrulega liti og efni.

Gluggar og gler í byggingum skal almennt vera gegnsætt, sérstaklega á götuhæðum, til að auka gegnsæi milli bygginga og almenningsrýma. Við almenningsrými er gert ráð fyrir amk. 80% gegnsæi á götuhæðum. Þar er gerð krafa um stóra gluggafleti og gagnsæi og ekki heimilt að hylja glugga alfarið með merkingum.







Dæmi um efni og liti

6.2 LÓÐIR

Samhliða deiliskipulaginu hefur verið unnin handbók “Hönnunarhandbók Ártúnshöfða og Elliðaárvogs” með leiðbeiningum um hönnun almenningsrýma og hönnun inngarða og lóða. Hafa skal handbókina til hliðsjónar við hönnun útisvæða.

6.2.1 SÉRAFNOTAFLETIR

Íbúðum getur fylgt sérafnotaréttur sem er hluti af lóð eða í sama gólffleti og viðkomandi íbúð. Sérnotafletir á götuhæð mega ná að hámarki 3 m inn í inngarð viðkomandi lóðar frá útvegg. Ekki er heimilt að afmarka sérafnotafleti á lóð með skjólveggjum nema um sé að ræða skjólveggi sem eru sýndir á aðaluppdráttum og samofnir heildarútliti viðkomandi húss og þá einungis frá tveimur hliðum, þ.e. hliðum sem snúa að aðliggjandi sérnotaflötum. Ekki er heimilt að girða sérnotaflöt af frá inngarði en heimilt er að skerma sérafnotaflöt með gróðri, allt að 0,6 m háu. Aðrir skjólveggir eru óheimilir. Gera skal grein fyrir sérnotaflötum í fyrirspurnarerindi og í byggingarleyfisumsókn. Tenging skal vera frá íbúðum á götuhæð við sérafnotaflöt (inngangur, þrep frá svölum).





Sérafnotareitir

6.2.2 FORGARÐAR VIÐ GÖTU

Heimilt er að gera litla forgarða við íbúðir. Mikilvægt er að forgarðar tengist íbúðum með hurð/inngangi og minni útbyggingum og gróðri. Heimilt er að girða af forgarð á sama hátt og sérafnotafleti.

Á lóðum sem sérstaklega eru merktar á deiliskipulagsuppdrátt er kvöð um forgarða.





Dæmi um forgarða við götur

6.2.3 INNGARÐAR

Lóðir/inngarða skal hanna sem leik- og dvalarsvæði með aðgengi fyrir alla (gangandi, hjólandi og hreyfihamlaða). Kvaðir um aðgengi inn á lóðir eru merktar með bindandi og leiðbeinandi skýringum.


Gera skal ráð fyrir að þök bílakjallara í inngörðum verði lögð gróðurþekju að hluta eða öllu leyti. Að frádregnum regngarði skal að minnsta kosti 50% inngarðs lagður gróðurþekju. Þakplata kjallara undir inngörðum skal vera amk 30 sm undir gólfplötu íbúða til að gefa rými fyrir gróðurþekju

Samhliða aðaluppdráttum skal skila inn uppdrætti þar sem gerð er grein fyrir heildarhönnun lóðar. Almennt skal staðsetja leiksvæði í inngörðum lóða og skulu þau vera aðgengileg öllum íbúum viðkomandi lóðar.

Hönnun og útfærsla skal taka mið af blágrænum ofanvatnslausnum, gróðurþekju, líffræðilegri fjölbreytni og uppfylla kröfur um algilda hönnun.

Hafa skal Handbók Ártúnshöfða og Ellíðaárvogs til hliðsjónar við hönnun inngarða og útisvæða.







Dæmi um útfærslu inngarða

6.2.4 REGNGARÐAR

Regngarðar taka við ofanvatni og halda því tímabundið á meðan það seitlar ofan í jarðveginn. Þeir eru öflugir viðtakar skaðlegra mengunarefna. Í regngörðum skal setja fjölbreyttar, vatnsþolnar plöntur. Helstu staðsetningar eru götum og torgum og inngörðum hverfisins.

Regngarður er gróðursvæði með tengingu við jarðveg þ.e.s. ekki ofan á ógegndræpu yfirborði eins og þökum eða bílakjöllurum. Í sérskilmálum er skilgreind lágmarksstærð regngarða á hverri lóð. Regnvatn getur stuðlað að fjölskrúðugu og áhugaverðu umhverfi fyrir íbúa og skapað ný kjörsvæði fyrir lífverur og aukið lífrænan fjölbreytileika vistkerfa borgarinnar.

6.3 AÐKOMA NEYÐARBÍLA

Á lóðum þarf að gera ráð fyrir aðkomu sjúkra- og slökkvibifreiða. Sérstaklega skal gerð grein fyrir björgunarsvæði umhverfis þær byggingar í notkunarflokki 3 sem eru hærri en 4 hæðir. Svæðin þurfa að vera útfærð þannig að körfubílar slökkviliðs eigi þangað greiða aðkomu og halli á þeim má ekki vera meiri en 1:20. Taka skal tillit til aðkomu slökkviliðs við hönnun inngarða þar sem björgunarsvæða er þörf. Þá þurfa björgunarsvæðin að þola það álag sem vænta má frá björgunartækjum, svo sem punktálag frá undirstöðum körfubíls.

6.4 HLJÓÐVIST

Gera skal grein fyrir hljóðvist við byggingar og tryggja með aðgerðum að hljóðstig verði innan marka samkvæmt gildandi reglugerð.

Ef hljóðstig reiknast yfir LAeq = 65 dB við húshliðar íbúðarhúsnæðis gildir hljóðvistarstaðallinn ÍST 45:2016 í stað viðmiðunarmarka reglugerðarinnar (sbr. reglugerð um hávaða nr. 724/2008, 1. mgr. 5. gr.).”

Íbúðir uppfylla undanþágu, snúi ein hlið að kyrrlátri hlið. Æskilegt er að svefnherbergi snúi að kyrrlátri hlið.

6.5 ÚRGANGSMÁL

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Umhverfis-og auðlindastefnu Reykjavíkur og Loftslagsstefnu Reykjavíkur er stefnt að minnkun úrgangs og aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Lögð er áhersla á að dregið verði úr úrgangsmyndun og hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar aukið. Skilvirkt, einfalt og aðgengilegt kerfi til flokkunar og meðhöndlunar úrgangs er lykill að bættri meðhöndlun úrgangs.

Meðhöndlun úrgangs frá deiliskipulagssvæðinu skal vera samkvæmt gildandi reglugerðum um meðhöndlun úrgangs og gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar um meðhöndlun úrgangs. Reykjavíkurborg sinnir sorphirðu heimilisúrgangs og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva.

Gert er ráð fyrir grenndargámum á reit 4.

Atvinnustarfsemi
Við allt atvinnuhúsnæði á deiliskipulagssvæðinu skal gera ráð fyrir sorpgeymslum í samræmi við fyrirhugaðan rekstur. Sorpgeymslur atvinnuhúsnæðis skulu vera innan byggingareits og í aflokuðum rýmum sem skulu innbyggðar í byggingar. Rekstraraðilar atvinnuhúsnæðis bera ábyrgð á eigin sorphirðu og skulu tryggja sér þjónustu viðeigandi sorphirðufyrirtækis

Íbúðarhúsnæði
Á deiliskipulagssvæðinu verður sorpflokkun og hirða útfærð með djúpgámum við íbúaðarhús. Gert er ráð fyrir allt að 5 úrgangsflokkum, en til að byrja með verða þeir þrjár: Blandaður úrgangur, pappír og plast.

Hafa skal samráð við Skrifstofu umhverfisgæða hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar varðandi útfærslu djúpgáma. Staðsetningar djúpgáma sem sýndar eru á deiliskipulagsuppdrætti og skýringauppdrætti eru leiðbeinandi. Djúpgámar skulu uppfylla kröfur ÍSTEN13071.



Djúpgámar

Leiðbeinandi staðsetning fylgilóða/djúpgáma

Leiðbeinandi staðsetning grenndargáma

6.6 RAFMAGN - DREIFISTÖÐVAR

Lagnir fyrir rafveitu og fjarskipti eru almennt í gangstéttum.

Almennt er miðað við eina heimtaug fyrir rafmagn fyrir hverja lóð. Ákvörðun um staðsetningu og fjölda heimtauga á lóð er tekin á hönnunarstigi gatna- og veitukerfis. Nákvæm staðsetning og fjöldi munu koma fram á lóðarblöðum.

Í öllum bílageymslum skal gera ráð fyrir rafhleðslukerfi fyrir rafbíla og við hönnun bílgeymsla þarf að gera ráð fyrir rými fyrir hleðslubúnað.

Sjö dreifistöðvar rafmagns á svæði 1, þar af eru sex staðsettar í byggingum annarra, auk einnar smádreifistöðvar (2 m x 2 m) sem verður á eigin lóð. Kröfur Veitna um útfærslu dreifistöðva í byggingu annarra er að finna í handbók Veitna (https://www.veitur.is/sites/veitur.is/files/atoms/files/handbok_um_dreifistodvar_i_byggingum_annarra_0.docx). Þar kveður m.a. á um mögulega staðsetningu, öryggiskröfur, kröfur um aðgengi og hönnun stöðvanna. Nánari skilmálar fyrir dreifistöðvar í byggingum annarra koma fram í skilmálahefti. Starfsmenn Veitna skulu hafa óhindraðan aðgang að dreifistöðum með mannskap og tæki öllum tímum sólarhrings þegar dreifistöðvar eru komnar í rekstur.



Dreifistöðvar rafmagns

Fyrirhuguð dreifistöð rafmagns

Núverandi dreifistöðvar rafmagns (víkjandi)

7 UPPDRÆTTIR

- Yfirlitsmynd
- Skýringaruppdráttur
- Deiliskipulagsppdrættir
- Skilmálatafla


7.1 YFIRLITSMYND



7.2 SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



7.3 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR




SKÝRINGAR:


- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi byggingar
- Víkjandi byggingar
- Byggingarreitur nýbygginga
- Byggingarreitur rofinn leiðbeinandi
- Byggingarreitur fyrir kjallara og bílakjallara
- Lóðamörk
- Skipting hæða - leiðbeinandi
- Kvöð um lagnir Veitna 8.5 m frá Borgarlínu
- Kvöð um almenna umferð gangandi
- XK — Hæðir / kjallari
- Innkeyrsla í bílakjallara - leiðbeinandi
- Gróður - leiðbeinandi
- Forgarðar
- Regngarður - leiðbeinandi
- Kennileiti
- (K=X.X) — Hæðarkótar - leiðbeinandi
- Dreifistöðvar rafmagns - leiðbein. staðsetn.
- Dreifistöðvar rafmagns fyrirliggjandi
- Áfangastaðir
- Leiksvæði

7.4 SNIÐ


Snið A




Snið B




Snið C




Snið D




Snið E




Snið F




Snið G




Snið H




Snið I




Snið J



Snið K



Snið L




Snið M

SKÝRINGAR:


- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi byggingar
- Víkjandi byggingar
- Byggingarreitur nýbygginga
- Byggingarreitur rofinn leiðbeinandi
- Byggingarreitur fyrir kjallara og bílakjallara
- Lóðamörk
- Skipting hæða - leiðbeinandi
- Kvöð um lagnir Veitna 8.5 m frá Borgarlínu
- Kvöð um almenna umferð gangandi
- XK — Hæðir / kjallari
- Innkeyrsla í bílakjallara - leiðbeinandi
- Gróður - leiðbeinandi
- Forgarðar
- Regngarður - leiðbeinandi
- Kennileiti
- (K=X.X) — Hæðarkótar - leiðbeinandi
- Dreifistöðvar rafmagns - leiðbein. staðsetn.
- Dreifistöðvar rafmagns fyrirliggjandi
- Áfangastaðir
- Leiksvæði

Kótar á sneiðingum eru leiðbeinandi þar sem hönnun gatna hefur ekki farið fram. Hæðarkótar geta því breyst, en hámarkshæð húsa er bindandi.


7.5 ÁSÝNDIR




sýnd A




sýnd B




sýnd C



Ásýnd D



Ásýnd E



Ásýnd F

SKÝRINGAR:

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi byggingar
- Víkjandi byggingar
- Byggingarreitur nýbygginga
- Byggingarreitur rofinn leiðbeinandi
- Byggingarreitur fyrir kjallara og bílakjallara
- Lóðamörk
- Skipting hæða - leiðbeinandi
- Kvöð um lagnir Veitna 8.5 m frá Borgarlínu
- Kvöð um almenna umferð gangandi
- XK — Hæðir / kjallari
- Innkeyrsla í bílakjallara - leiðbeinandi
- Gróður - leiðbeinandi
- Forgarðar
- Regngarður - leiðbeinandi
- Kennileiti
- (K=X.X) — Hæðarkótar - leiðbeinandi
- Dreifistöðvar rafmagns - leiðbein. staðsetn.
- Dreifistöðvar rafmagns fyrirliggjandi
- Áfangastaðir
- Leiksvæði



Kótar á sneiðingum eru leiðbeinandi þar sem hönnun gatna hefur ekki farið fram. Hæðarkótar geta því breyst, en hámarkshæð húsa er bindandi.

8 SÉRSKILMÁLAR

Í sérskilmálum lóða/reita koma fram stærðir bygginga, hámarksbyggingarmagn ofanjarðar og neðanjarðar. Einnig koma fram hæðafjöldi, fjöldi íbúða, leiðbeinandihæðarkótar bygginga, þakgerð, fjöldi bílastæða og fjöldi hjólastæða, umfang gróðurþekju á þakflötum, regngarða og aðrar kvaðir og skilmálar kunna að eiga við. Flestar upplýsingar um stærðir, magn og starfsemi er að finna í skilmálatöflu.



Stórhöfði horft í norður



Deiliskipulagssvæði

Lóð	Stærð lóðar (1)	Hæðir húsa	Íbúðir (A rými)	Starfsemi (A rými) (2)	Valkvætt (A rými) (3)	Samtals: (A rými)	B-rými:	Samtals: (A+B rými)	NHL ofanjarðar	Kjallari (4) (A+B rými)	Heild (A+B rými)	NHL lóða	Fjöldi íbúða hámark:	Bílastæði hámark (5):	Hjólastæði lágmark (6):
	m²		m²	m²	m²	m²	m²	m²		m²	m²		Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
1	4.808	4-7 h+3K	12.600	0	0	12.600	1.000	13.600	2,8	6.000	19.600	4,1	145	85	280
2	3.735	4-7 h+3K	9.500	0	0	9.500	800	10.300	2,8	4.500	14.800	4,0	110	65	210
3	4.327	3-6 h+2K	11.400	0	600	12.000	1.000	13.000	3,0	5.500	18.500	4,3	140	85	263
4	735	0	0	0	0	0	0	0	0,0	0	0	0,0	0	0	0
5	3.690	3-7 h+2K	8.600	0	600	9.200	800	10.000	2,7	4.000	14.000	3,8	105	40	203
6	3.824	3-6 h+2K	9.900	0	600	10.500	800	11.300	3,0	4.000	15.300	4,0	120	50	223
7	5.997	4-7 h+3K	12.200	0	1.400	13.600	1.000	14.600	2,4	6.500	21.100	3,5	150	90	297
8	5.463	4-11 h+3K	11.000	5.000	7.800	23.800	1.400	25.200	4,6	17.500	42.700	7,8	160	350	360
9A	5.546	3-8 h+3K	0	11.900	2.000	13.900	100	14.000	2,5	8.000	22.000	4,0	10	170	506
9B	5.254	4-14 h+3K	12.500	7.000	3.300	22.800	1.100	23.900	4,5	11.500	35.400	6,7	150	250	547
9C	4.513	2-13 h+3K	11.000	6.000	2.800	19.800	900	20.700	4,6	11.500	32.200	7,1	140	250	396
10A	2.817	3-6 h+2K	7.200	0	0	7.200	600	7.800	2,8	3.000	10.800	3,8	90	30	170
10B	5.734	3-7 h+2K	0	18.300	0	18.300	400	18.700	3,3	10.000	28.700	5,0	0	145	544
10C	5.184	2-8 h+2K	0	8.400	3.400	11.800	300	12.100	2,3	7.000	19.100	3,7	0	100	132
11	4.347	3-9 h+3K	6.600	6.800	0	13.400	600	14.000	3,2	8.000	22.000	5,1	80	150	223
12A	4.351	4-6 h+3K	9.600	600	500	10.700	800	11.500	2,6	5.000	16.500	3,8	115	70	236
12B	2.801	4-6 h+3K	4.600	300	0	4.900	400	5.300	1,9	3.000	8.300	3,0	55	30	106
Alls	**73.126**		**126.700**	**64.300**	**23.000**	**214.000**	**12.000**	**226.000**		**115.000**	**341.000**		**1.570**	**1.960**	**4.696**

(1) Endanleg stærð lóða getur breyst við gerð mæliblaða
(2) Verslun, þjónusta, skrifstofur, stofnanir og önnur atvinnustarfsemi
(3) Notkunarflokkur er valkvæður, ýmist sem íbúðir eða fyrir atvinnustarfsemi.
(4) Séreignarkjallarar, bílakjallarar og opin bílastæðahús
(5) Að lágmarki skal byggja 50% leyfilegra stæða innan hverrar lóðar. Ef t.d. leyfilegur fjöldi er að hámarki 100 stæði innan viðkomandi lóðar skal að lágmarki byggja 50 stæði.
(5) Heimildir fyrir bílastæðum innan lóða m.v. að lágmarki 240 gjaldskyld stæði verði í götum, eða um 10-15% af heildarfjölda stæða.
(5) Á reitum 8,9,10 og 11 er um 90% bílastæðaheimildar áætlaður fyrir opin bílastæðahús með tilheyrandi samnýtingu fyrir atvinnustarfsemi og íbúa í hverfinu.
(6) Lágmarksfjöldi hjólastæða er reiknaðum m.v. forsendur bíla- og hjólastæðastefnu Rvk. og er áætlaður út frá fullri nýtingu byggingarheimilda.

Stæði í götu (gjaldskyld):	240
Heildarfjöldi stæða S1:	**2.200**
Þar af samnýtanleg :	1.514

Skilmálatafla


REITUR 1

Yfirbragð reits: Byggðin er hæst að Eirhöfða en stallast til vesturs eftir landhalla. Inngarður opnast til vesturs að Hamarsstíg.
Starfsemi /notkun: Íbúðir. Á götuhæðum er þó heimil nærþjónusta og minniháttar hreinleg atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu
Stærðir: Sjá skilmálatöflu.
Byggingarmagn: Sjá skilmálatöflu.
Bílastæði: Sjá skilmálatöflu
standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða, Breiðhöfða, Þórðarhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10.[75] Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi þar var Steypustöðin hf. sem byrjaði að starfa á Malarhöfða 10 í byrjun 6. áratugar 20. aldar.

[75] Þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni Höfða, þ.e. grjótmulningsmannvirki (mhl. 23, 24 og 27), eru skráðar undir svæði 1 í húsaskrá, en aðrar byggingar og mannvirki á lóðinni eru skráðar undir svæði 2.

Byggingarár **1966**

Malarhöfði 10 (mhl. 03)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Þurrkklefi





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 03) var byggt 1966 skv. Fasteignaskrá. Engar teikningar finnast af húsinu sem í upphafi var nýtt sem þurrkklefi þar sem þurrkaðar voru hellur sem framleiddar voru á svæðinu. Í dag er húsið nýtt sem geymsla.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur við innkeyrslu inn á lóðina, norðan við fjögurra hæða skrifstofubyggingu (mhl. 04).

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1983**

Malarhöfði 10 (mhl. 04)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Halldór Jónsson verkfræðingur

Upphafleg notkun Steypustöð ?





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt		1994	Viðbygging inngangur	Halldór Jónsson
Klæðning	Múrsléttað				
Þakgerð	Mænisþak ?				
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 04) var byggt eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings frá árinu 1981. Byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1983.

Sambærilega byggingu og mhl. 04 má sjá á loftmynd frá árinu 1954 (Borgarvefsjá) en engar teikningar af þeirri byggingu finnast.

Í dag er húsið nýtt undir skrifstofur Steypustöðvarinnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Skrifstofuhús í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi. Húsið er byggt inn í klöpp og fellur því nokkuð vel að umhverfi sínu. Húsið er svipað í útliti og stíl, öðrum húsum á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði svo sem mhl. 06 og 12.


Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1952**

Malarhöfði 10 (mhl. 05)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Vélaverkstæði.





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit
Tegund	Steinsteypt	
Klæðning	Múrsléttað	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)	
Þakklæðning	Bárujárn ?	
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
1971	Viðbygging	Halldór Jónsson	Verkfr.
1973	Viðbygging þakbreyting	Halldór Jónsson	Verkfr.
2004	Innra fyrirkomulag Útlitsbreyting	Pálmar Kristinsson	Arkit.
2007	Innra fyrrikomulag Útlitsbreyting	Pálmar Kristinsson	Arkit.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 05) var reist árið 1952 sem vélaverkstæði, samkvæmt Fasteignaskrá. Ekki finnast upprunalegar teikningar af húsinu sem hefur tekið þó nokkrum breytingum.

Fyrsta samþykkta teikningin af viðbyggingu við húsið er frá 1971 (sjá mynd t.v. að ofan) en á loftmynd frá 1965 (Borgarvefsjá) má sjá að húsið hafði þá verið lengt til SA. Árið 1973 var reist viðbygging við NA-hlið hússins. Þá var þaki jafnframt breytt úr skáþaki í mænisþak. Árið 1987 var bygging reist við SA-horn hússins sem skráð er sem sérstakur matshluti (sjá sérskráningu mhl. 12). Innangengt er úr mhl. 05 yfir í þá byggingu en hún er töluvert hærri.

Innra fyrirkomulagi og útliti vesturhliðar var breytt 2004 en þá var hluta vélaverkstæðis breytt í múrvöruverslun. Árið 2007 var innanhússkipulagi aftur breytt og varahlutabúð komið fyrir á fyrstu hæð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld iðnaðarbygging.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Húsið tengist sögu iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs gildi. Húsið stendur á stórri iðnaðarlóð, án tengsla við nærumhverfi.


Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Byggt hefur verið við húsið og útliti og þaki breytt frá upprunalegri hönnun. Upphafleg notkun hússins hefur í grunnin haldist sú sama þar sem enn er starfsrækt vélaverkstæði í húsinu.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1964**

Malarhöfði 10 (mhl. 06)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Rannsóknarstofa





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteypt		1993	Útlitsbreyting	Halldór Jónsson	Verkfr.
Klæðning	Ál					
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 06) var byggt 1964 skv. Fasteignaskrá. Upphaflegar teikningar finnast ekki af húsinu en Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði breytingar á því árið 1993. Á teikningum Halldórs má sjá að þaki hússins var m.a. breytt úr skáþaki yfir í mænisþak.

Húsið er enn nýtt sem rannsóknarstofa (árið 2018).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt steinsteypt atvinnuhúsnæði.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur inn á miðju iðnaðarsvæði. Húsið er svipað í útliti og stíl og þau hús á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði svo sem mhl. 04 og 12.


Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1964**

Malarhöfði 10 (mhl. 07)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Steypustöð





Upphafleg gerð	Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund		1964	Stjórnstöð og efnisgeymslur	Stefán Ólafsson	bygg.fr.
Klæðning					
Þakgerð					
Þakklæðning					
Undirstöður					

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 07) er aðflutt sænsk steypustöð. Byggingarár hennar er 1964 skv. Fasteignaskrá. Við vesturhlið steypustöðvarinnar er yfirbyggð stjórnstöð og undir henni efnisgeymslur sem byggðar voru 1964 eftir teikningum Stefáns Ólafssonar byggingarverkfræðings. Ein efnisgeymslnanna sem staðsett er á jarðhæð teygir sig yfir í nærliggjandi steypustöð (mhl. 10) sem staðsett er austan við mhl. 07.

Byggt hefur verið um síló steypustöðvarinnar að hluta til einangrunar. Sunnan við steypustöðina má finna færibönd sem tengjast jarðsíló (mhl. 09, sjá sérskráningu).

Steypustöðin er ekki lengur í notkun og byggingarfulltrúi heimilað niðurrif mannvirkisins (dags. 18.05.2007).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Menningarsögulegt gildi: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Steypustöðin stendur á miðri lóð án tengsla við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Lágt til miðlungs gildi. Byggt hefur verið utan um síló og utan á steypustöðina.

Varðveislugildi: **Steypustöðin hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1964**

Malarhöfði 10 (mhl. 08)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Halldór Jónnson
verkfræðingur

Upphafleg notkun
Sementshús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinst. / Járngrind		1993	Útlitsbreyting	Halldór Jónsson	Verkfr.
Klæðning	Bárujárn			Endurbætur		
Þakgerð	Bogaþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 08) var byggt eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings 1964 skv. Fasteignaskrá. Húsið er skráð sem sementshús í Fasteignaskrá en var áður nýtt sem smurstöð og smíðaverkstæði.

Húsið var endurteiknað og skipulagt árið 1993 eftir teikningum Halldórs. Í dag er húsið nýtt sem geymsla.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt iðnaðarhús, bogaskemma.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur langt inn á lóð og sést því frá Þórðarhöfða.

Upprunaleg gerð: Miðlungs til hátt gildi. Skemman virðist nokkuð upprunaleg hvað form og útlit varðar en hefur verið breytt töluvert innandyra.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1964**

Malarhöfði 10 (mhl. 09)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Jarðsíló





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt		? Viðbygging	?
Klæðning	Ómúrað			
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	?			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 09) er skráð sem kyndiklefi byggður árið 1964 samkvæmt Fasteignaskrá. Engar teikningar finnast af mannvirkinu.

Samkvæmt heimildum frá Steypustöðinni er um að ræða jarðsíló þar sem efni fyrir steypustöðina voru geymd. Efnin voru síðan flutt með færiböndum sem liggja frá norðurhlið mannvirkisins yfir í steypustöðvarnar (mhl. 07 og 10, sjá sérskráningu).

Á loftmynd frá 1995 (Borgarvefsjá) má sjá að þá var búið að byggja við austurgafl mannvirkisins en þá hafði steypustöðvunum verið fjölgað úr einni í tvær.

Mannvirkið er ekki lengur í notkun.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt geymslumannvirki, neðanjarðarsíló.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.


Umhverfisgildi: Lágt gildi. Mannvirkið stendur á austurhluta lóðarinnar og er ekki í tengslum við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **<1990?** **Malarhöfði 10 (mhl. 10)**

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Steypustöð





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 10) er aðflutt sænsk steypustöð. Í Borgarvefsjá er steypustöðin merkt sem mhl. 10 en samkvæmt Fasteignaskrá er mhl. 10 jarðsíló byggt 1964. Steypustöðin sést fyrst á loftmynd frá 1990 (Borgarvefsjá).

Byggt hefur verið utan um síló steypustöðvarinnar að hluta, til einangrunar. Efnisgeymsla sem staðsett er sunnan steypustöðvarinnar tengist mhl. 07 (sjá sérskráningu).

Sunnan við steypustöðina eru færibönd sem tengjast jarðsílóhúsi (mhl. 09, sjá sérskráningu).

Steypustöðin er ekki lengur í notkun og byggingarfulltrúi heimilað niðurrif mannvirkisins (dags. 18.05.2007).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Menningarsögulegt gildi: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Steypustöðin stendur á miðri lóð án tengsla við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: **Steypustöðin hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1987**

Malarhöfði 10 (mhl. 12)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Halldór Jónsson
Verkfræðingur

Upphafleg notkun
Afgreiðslubygging





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteypt		1990	Útlitsbreyting	Halldór Jónsson	verkfr.
Klæðning	Múrsléttað					
Þakgerð	Skáþak / mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur. Steypustöðin, sem hóf starfsemi á lóðinni 1964, er einna best þekkt sem frumkvöðull í framleiðslu á steypu úr steypubifreiðum en starfsemin hafði töluverð áhrif á uppgang í mannvirkjagerð á Íslandi eftir lok síðari heimstyrjaldar.

Á Malarhöfða 10 er að finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 12) var reist eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings árið 1987 skv. Fasteignaskrá. Húsið er viðbygging og stendur við SA-horn mhl. 05 (sjá sérskráningu). NA-hluti byggingarinnar er grafinn inn í landið og því sést einungis efsta hæð byggingarinnar frá austri og suðri.

Húsið var hannað sem afgreiðslubygging með matsal, eldhúsi, baðaðstöðu og búningsherbergi ásamt annarri starfsmannaaðstöðu. Notkun byggingarinnar er sú sama nú (2018) og í upphafi.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Módernísk bygging í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs gildi. Húsið, sem er viðbygging, er nokkuð ólíkt því húsi sem byggt var við (mhl. 05) hvað stíl og útlit varðar en er í sambærilegum stíl og önnur hús á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði (s.s. mhl. 04 og 06).

Upprunaleg gerð: Hátt. Húsið virðist upprunalegt að gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.**


Byggingarár **2010**

Malarhöfði 10 (mhl. 19)

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Pálmar Kristmundsson arkitekt

Upphafleg notkun Steypustöð / malarsíló





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09,10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 19) er kallað „nýja steypustöðin“ og var reist eftir teikningum Pálmars Kristmundssonar arkitekts árið 2010 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða jarðsíló fyrir íblöndunarefni sem staðsett er fyrir miðri lóð ásamt öðrum tengdum mannvirkjum. Jarðsílóið er eina varanlega mannvirkið í „nýju steypustöðinni“ en mhl. 16, 17 og 18 eru færanleg skv. heimildum frá Steypustöðinni.

Nýja steypustöðin er fullri notkun í dag (2018).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt jarðsíló.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Er ekki í sérstökum tengslum við nærumhverfið.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1961**

Sævarhöfði 6-10 (mhl. 23)

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Grjótnám Reykjavíkur	Rögnvaldur Þorkelsson Bæjarverkfr. í Reykjavík	Grjótmulningsstöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	1989	Viðbygging	Ari Ólafsson	verkfr.
Klæðning	Bárujárn					
Þakgerð	Mænisþak / skáþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steinsteyptar					

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“ Grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst uppúr 1945. Malbikunarstöð Reykjavíkur hóf störf á svæðinu upp úr 1963. Núverandi starfsemi á lóðinni á því rætur að rekja til upphafs iðaðar á Ártúnshöfðanum.

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 23, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Grjót sem hafði verið sprengt í grjótnámi Reykjavíkur, sem var á þessum tíma staðsett við Selás, var flutt með stórum vögnum í grjótmulningsstöðina og þar affermt forbrjót (mhl. 27, sjá sérskráningu). Eftir að hafa farið gegnum forbrjótinn gekk grjótið áfram á færibandi í gegnum þrjár mulningsvélar sem brutu grjótið í mismunandi kornastærðir.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og er þetta hús næstvestast í röðinni. Húsið er frábrugðið hinum grjótmulningshúsunum að því leiti að það hýsir tvær grjótmulningsvélar ásamt stjórnstöð fyrir vélarnar í hinum grjótmulningshúsunum. Byggt var við suðurhlið hússins árið 1989 til að koma auka mulningsvél inn í húsið. Að öðru leyti er ásýnd hússins nokkuð upprunaleg.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færibandi.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Eldri hluti hússins er að mestu óbreyttur. Viðbygging við húsið hefur breytt yfirbragði þess að hluta. Færibandið sem liggur að austur- og vesturgafli hússins er upprunalegt.

Varðveislugildi: **Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi.** Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugarvert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Byggingarár **1961**

Sævarhöfði 6-10 (mhl. 24)

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Grjótnám Reykjavíkur	Rögnvaldur Þorkelsson Bæjarverkfr. í Reykjavík	Grjótmulningsstöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	? Útlitsbreyting	
Klæðning	Bárujárn			
Þakgerð	Mænisþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steinsteyptar			

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 24, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og er þetta hús næstaustast í röðinni. Húsið hefur haldist óbreytt að mestu að frátöldum smávægilegum útlitsbreytingum á suðurhlið hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færibandi.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.


Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er að mestu óbreytt. Færibandið sem liggur að austur- og vesturgafli hússins er upprunalegt.

Varðveislugildi: **Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi.** Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugarvert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Byggingarár **1961**

Sævarhöfði 6-10 (mhl. 27)

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Grjótnám Reykjavíkur	Rögnvaldur Þorkelsson Bæjarverkfr. í Reykjavík	Grjótmulningsstöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**	
Tegund	Steinsteypt	Þrílyft	?	Gluggabreyting
Klæðning	Bárujárn		2017	Hækkun á þaki
Þakgerð	Mænisþak / skáþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steinsteyptar			

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 27, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og þetta hús austast í röðinni. Húsið hefur haldist óbreytt að mestu að frátöldum gluggum á norðurgafli hússins, utanáliggjandi stiga við austurgafl og hækkun á þaki efsta hluta hússins.

Grjótmulningsvélin í húsinu er frábrugðin hinum að því leyti að hún er sú eina sem er upprunaleg.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færibandi.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er að mestu óbreytt. Helst ber að nefna breytingu á þaki efsta hluta hússins en því var lyft upp að hluta eftir að það fauk af í óveðri árið 2017. Færibandið við vesturgafl hússins er upprunalegt.

Varðveislugildi: **Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi.** Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugarvert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*


Byggingarár **1966**

Þórðarhöfði 4 (mhl. 01-05)

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Geymsluskemmur





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Járn	Tvílyft ?	?	Útlitsbreyting	?
Klæðning	Bárujárn				
Þakgerð	Bogaþak				
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 01-05) eru partur af röð tólf sambyggðra bogakemma sem byggðar voru á árunum 1965-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 1-5 voru reistir á árunum 1965-1966 og eru því fyrstu skemmurnar sem reistar voru í röðinni. Samkvæmt frétt og mynd sem birtist í *Tímanum* 11. ágúst 1965 var skemmunum ætlað að hýsa efni og áhöld fyrir starfsemi borgarinnar. Jafnframt var ætlunin að leigja einhverjar skemmur út. Á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá) má sjá að tíu af tólf skemmum höfðu þá verið reistar.

Skemmurnar fimm sem hér um ræðir, eru staðsettar í NA-enda lengjunnar. Byggt var við NA-hlið mhl. 01 árið 1980 (mhl. 11 og 12, sjá sérskráningu). Í frétt *Morgunblaðsins* frá 30. ágúst 1980 kom fram að eldur hafi komist í plastklæðningu sem verið var að rafsjóða á meðan á framkvæmdum stóð. Matshluti 01 skemmdist töluvert samkvæmt fréttinni.

Skemmurnar fimm (mhl. 01-05) eru nokkuð upprunalegar að gerð að frátöldum gluggum á SV- og SA-göflum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inn á lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Gluggum hefur t.d. verið komið fyrir á SA- og SV-göflum hússins.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**


Byggingarár **1968**

Þórðarhöfði 4 (mhl. 06-08)

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Geymsluskemmur





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Járn		? Útlitsbreyting	?
Klæðning	Bárujárn			
Þakgerð	Bogaþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 6-8) eru partur af röð tólf sambyggðra bogaskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 06-08 voru reistir árið 1968 (skv. Fasteignaskrá) í beinu framhaldi af mhl. 01-05 (sjá sérskráningu).

Matshlutar 06-08 eru í syðri hluta lengjunnar. Skemmurnar þrjár virðast nokkuð upprunalegar að gerð en hurðum hefur verið breytt, auk þess sem gluggum og loftræstiristum hefur verið komið fyrir á SA-göflum skemmanna.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inn á lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Gluggum og loftræstiristum hefur verið komið fyrir á SA-gafli hússins.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**


Byggingarár **1969**

Þórðarhöfði 4 (mhl. 09-10)

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Geymsluskemmur





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Járn		?	Útlitsbreyting	?
Klæðning	Bárujárn		?	Viðbygging (skúr)	?
Þakgerð	Bogaþak				
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 09-10) eru partur af röð tólf sambyggðra járnboga geymsluskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 09-10 voru reistir árið 1969 (skv. Fasteignaskrá) í beinu framhaldi af mhl. 06-08 (sjá sérskráningu).

Matshlutar 09 og 10 eru í syðsta hluta lengjunnar. Skemmurnar tvær virðast nokkuð upprunalegar að gerð að frátöldum gluggum sem komið hefur verið fyrir á SV- og SA-göflum mhl. 10 og viðbyggðum skúr við SA-gafl mhl. 09.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.


Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.


Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inn á lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Ber þá helst að nefna glugga á SV- og SA-göflum mhl. 10 og viðbyggðan skúr við SA-gafl mhl. 09.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Geymsluskemmur





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Járn		2006	Tankar / pækilstöð	Dagný Helgadóttir	arkitekt
Klæðning	Bárujárn		?	Skýli	?	
Þakgerð	Bogaþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 11-12) eru partur af röð tólf sambyggðra bogaskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Fyrstu tíu skemmurnar voru reistar á árunum 1965-1969 en matshlutum 11-12 var bætt við árið 1979 skv. Fasteignaskrá við NA-enda lengjunnar (NA við mhl. 01).

Skemmurnar tvær hýsa salt líkt og upprunalegar teikningar gefa til kynna. Við NA-hlið nyrstu skemmunnar voru tankar og pækilstöð reist árið 2006 eftir teikningum Dagnýjar Helgadóttur arkitekts. Skýli hefur verið byggt við norðurhorn NA-hliðar mhl. 12.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inn á lóð án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Hurðaropi hefur t.d. verið komið fyrir á NV-gafli mhl. 12.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**


Byggingarár **1963**

Breiðhöfði 10 (mhl. 01)

Fyrsti eigandi Byggingariðjan

Hönnun Helgi Hannes Árnason verkfræðingur

Upphafleg notkun Strengjasteypuverksmiðja





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Stálgrindarhús		1967	Viðbygging	Helgi H. Árnason	verkfr.
Klæðning	?		1978	Viðbygging	Garðar Halldórsson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak		2000	Viðbygging	Thomas Jan Stankiewicz	arkitekt
Þakklæðning	Bylgjuplast					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annarsvegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hinsvegar skrifstofu- og þjónustubyggingu (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu).

Húsið sem hér er til umfjöllunnar er verksmiðjuhús (mhl. 01) sem var upphaflega reist fyrir Byggingariðjuna, en fyrirtækið var eitt af þeim fyrstu til að framleiða steinsteypueiningar á Íslandi. Hönnuður hússins var einn af stofnendum fyrirtækisins, Helgi H. Árnason verkfræðingur.

Teikningar Helga af verksmiðjuhúsinu var samþykkt 1961 og hún brunavirt árið 1963. Sakvæmt Fasteignaskrá er byggingarár verksmiðjuhússins 1967.

Húsinu hefir verið breytt á þann hátt að byggt hefur verið í kringum það svo að upprunalega húsið er nú lítt sýnilegt. Stækkun norðan við verksmiðjuhúsið var samþykkt 1967 og sést á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá). Stækkun vestan við verksmiðjuhúsið var samþykkt 1978 og sést á loftmynd frá 1979 (Borgarvefsjá).

Viðbygging úr forsteyptum einingum var reist sunnan við verksmiðjuhúsið á árunum 2002-2004 skv. loftmynd (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einföld verksmiðjubygging.

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi. Byggingin vitnar um starfsemina á lóðinni sem á rætur að rekja til upphafs iðnaðar á svæðinu og hefur haldist sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur á horni Breiðhöfða og Stórhöfða og hefur síður jákvæð áhrif á götumynd sem er slitrótt norðan Stórhöfða.

Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Húsinu hefur verið breytt á þann hátt að byggðar hafa verið viðbyggingar í kringum það. Austurgafl upprunalegu byggingarinnar er eini sjáanlegi hluti hennar.

Varðveislugildi: **Byggingin hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1968**

Breiðhöfði 10 (mhl. 01)

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Þorvaldur Kristmundsson arkitekt

Upphafleg notkun Spennistöð





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	?
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Saga

Á lóðinni Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annarsvegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hinsvegar skrifstofu- og þjónustubyggingu (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01).

Hér er skráð spennistöðin (mhl. 01), sem nú er hluti af skrifstofuhúsinu (mhl. 02, sjá sérskráningu), en var upphaflega byggð sem sérstakt spennistöðvarhús fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur eftir teikningum Þorvaldar Kristmundssonar arkitekts.

Spennistöðin er í dag (2018) skráð í Fasteignaskrá undir staðfanginu "Breiðhöfði 10" með byggingarárið 1968.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Spennistöð sem felld er inn í aðra byggingu.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur austanmegin við norðurhluta Breiðhöfða þar sem götumynd er slitrótt.

Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Skrifstofuhús hefur verið byggt utan um spennistöðina.

Varðveislugildi: **Spennistöðin hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **<1990**

Breiðhöfði 10 (mhl. 02)

Fyrsti eigandi Byggingariðjan

Hönnun Dagný Helgadóttir arkitekt

Upphafleg notkun
Skrifstofu- og þjónustubygging





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steyptar einingar		1997	Útlitsbreyting, glerskálar	Thomas Jan Stankiewicz	arkitekt
Klæðning	Múrsléttað					
Þakgerð	Mænisþak		1998	Útlitsbreyting, stigi	Thomas Jan Stankiewicz	arkitekt
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Breiðhöfða 10 (áður Krossamýrarblettur 7) er athafnasvæði Einingaverksmiðjunnar sem sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingarframkvæmda. Á lóðinni er að finna tvær byggingar, annarsvegar verksmiðjuhús (mhl. 01) og hinsvegar skrifstofu- of þjónustubygging (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem hýsir einnig spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu).

Húsið sem hér er til umfjöllunnar (mhl. 02) er skrifstofu- og þjónustubygging sem var reist eftir teikningum Dagnýjar Helgadóttur arkitekts sem samþykktar voru fyrst 1983. Byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1997 en húsið sést á loftmynd frá árinu 1990 (Borgarvefsjá).

Byggingin er byggð úr forsteyptum einingum og inn í hana er felld spennistöð (mhl. 01, sjá sérskráningu) sem var reist á lóðinni fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1968.

Breytingar voru gerðar á útliti byggingarinnar á árunum 1997 og 1998. Annarsvegar voru gerðir glerskálar við norðurgafl og austurhlið byggingarinnar og hinsvegar utanáliggjandi stigi við suðurgafl.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt og formfast skrifstofuhúsnæði í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar, með strikun í steypu.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs gild. Stendur stakstætt við Breiðhöfða, er ekki í sérstökum tengslum við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Húsið er nokkuð upprunalegt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**


Byggingarár **1984**

Breiðhöfði 11 (mhl. 03)

Fyrsti eigandi Ísaga

Hönnun Guðmundur Þór Pálsson arkitekt

Upphafleg notkun Verksmiðja





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft		
Klæðning	Múrsléttað	Þrílyft		
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)			
Þakklæðning	Ál			
Undirstöður	Steinsteyptar			

Saga

Fyrirtækið Ísaga hefur aðsetur á Breiðhöfða 11 og 11a. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Á lóðinni Breiðhöfða 11 eru tvö hús (mhl. 1 og 3).

Húsið sem hér er til umfjöllunar (mhl. 3) er byggt eftir teikningum Guðmundar Þórs Pálssonar arkitekts fyrir Ísaga árið 1984. Húsið hýsir súr- og köfnunarefnisgeyma ásamt kælikerfi.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Móderníst steinsteypt iðnaðarhúsnæði.□

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.□

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur langt inni á lóð bakvið háa geyma. Suðurhlið hússins er áberandi frá Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist upprunalegt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það er dæmi um hús sem gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.**


Byggingarár **1971**

Eirhöfði 11 (mhl. 02)

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Vörugeymsla





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Stálgrind		? Útlitsbreyting gluggar á suðurgafli	?
Klæðning	Bárujárn			
Þakgerð	Bogaþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 02) er vörugeymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts frá 1970. Í Fasteignaskrá er byggingarár skrá 1972 en byggingin virðist hinsvegar risin 1971, þar sem hún sést á loftmynd frá því ári (Borgarvefsjá).

Byggingin er sú austasta af þremur samliggjandi skemmum sem reistar voru á árunum 1971-1987 og sú elsta, kölluð *skemma 1*.

Byggingin er ekki lengur nýtt undir starfsemi Orkuveitunnar. Í dag er hús skráð sem vörugeymsla í Fasteignaskrá en bílasalan *Bernhard* er nú með aðsetur í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld stálgrindargeymsla með bogaþaki.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Byggingin virðist óbreytt að mestu að undanskyldum gluggum sem hafa verið settir á suðurgafl.

Varðveislugildi: **Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi.** Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.


Byggingarár **1972**

Eirhöfði 11 (mhl. 04)

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Vörugeymsla





Upphafleg gerð

Tegund	Stálgrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 4) er vörugeymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1972, skv. Fasteignaskrá. Byggingin er sú vestasta af þremur samliggjandi skemmum sem reistar voru á árunum 1972-1987.

Í umsókn um byggingarleyfi frá 1972 segir að skemman sé úr gamla íþróttahúsinu að Hálogalandi sem stóð á gatnamótum Skeiðarvogs og Gnoðarvogs. Hálogaland var byggt uppúr 1940 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna sem notuðu húsið undir íþróttir, bíó og samkomur. Seinna þjónaði það sem íþróttahús fyrir Reykvíkinga og Vogaskóla, en það var tekið niður árið 1970. Líklega var einungis hluti af gamla íþróttahúsinu nýttur í vörugeymsluhús Vatnsveitunar, en það er bæði lægra og mjórra en gamla íþróttahúsið var (30,64 x 12,64 x 5,23 m á meðan skemman er í dag 20 x 30 x 5).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld Einföld stálgrindargeymsla með bogaþaki.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Skemman mun vera byggð úr efni úr Íþróttahúsinu að Hálogalandi sem var byggt um 1943 fyrir hernámslið Bandaríkjamanna en rifið um 1970.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.

Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Húsið virðist að mestu óbreytt frá upprunalegum teikningum frá 1972. Það er byggt úr efnivið úr öðru eldra húsi.

Varðveislugildi: **Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi. Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi.** Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.


Byggingarár **1987**

Eirhöfði 11 (mhl. 06)

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Vörugeymsla





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steyptar einingar		1987	Stækkun / milliloft	Magnús Skúlason	arkitekt
Klæðning	Plötur?		?	Útlitsbreyting gluggar á norður- og suðurgafli.	?	
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 á deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 04) er vörugeymsla, reist eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1987skv. Fasteignaskrá. Hún stendur á milli tveggja eldri skemma (mhl. 02 og 04, sjá sérskráningu) og fyllir upp í skarðið á milli þeirra. Byggingin er kölluð *skemma 3*.

Þrátt fyrir að byggingin sé útlitslega frábrugðin hinum tveimur skemmunum hvað varðar þakgerð og byggingarefni (steinsteypueiningum úr Byggingariðjunni) þá mynda þær ákveðna heild.

Byggingunni hefur verið breytt að hluta, og meðal annars komið fyrir efri gluggum á suður- og norðurgöflum hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld iðnaðarskemma. Póstmóderníska áhrifa gætir á norðurgafli.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt. Stendur innarlega á lóð án tengsla við götumynd og nærumhverfi. Hluti af heild þriggja samliggjandi skemma sem allar eru teiknaðar af sama arkitekt.


Upprunaleg gerð: Miðlungs til hátt gildi. Byggingunni hefurverið breytt lítillega.

Varðveislugildi: **Byggingin hefur miðlungs varðveislugildi.** Hluti af heild iðnaðarhúsa sem eru óvenjuleg, bæði vegna sögulegs gildis og sérstakrar samsetningar í byggingarstíl.

Byggingarár **1994**

Eirhöfði 11 (mhl. 05)

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur **Hönnun** Magnús Skúlason arkitekt **Upphafleg notkun** Bílastæðahús og verkstæði





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steyptar einingar?		2003	Innra skipulagi	Guðrún Stefánsdóttir	arkitekt
Klæðning	Bárujárn		?	Útlitsbreyting	?	
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steinsteyptar					

Saga

Á lóðinni Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði 13) er að finna sex byggingar (mhl. 01, 02, 03, 04, 05 og 06). Allar byggingarnar voru reistar fyrir starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur). Matshlutar 02, 04, 05 og 06 falla undir svæði 4 í deiliskipulagi Ártúnshöfða, sem nú er í vinnslu (2018), hinir matshlutarnir falla undir svæði 3.

Byggingin sem hér er til umfjöllunar (mhl. 05) var reist sem bílastæðahús og verkstæði eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts árið 1994 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða stálgrindarhús með forsteyptum einingum framleiddum í Byggingariðjunni (Breiðhöfða 10, sjá sérskráningu).

Innra fyrirkomulagi byggingarinnar var breytt árið 2003 eftir teikningum Guðrúnar Stefánsdóttur arkitekts sem á þeim tíma vann með Magnúsi Skúlasyni hönnuði hússins. Ytra útlit virðist óbreytt að mestu að frátöldum smávægilegum breytingum á austurhlið hússins.

Í dag (2018) er starfrækt bílasala á efri hæð hússins og bifreiðaverkstæði á neðri hæð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs til hátt gildi. Bílastæða- og iðnaðarhús í anda húsagerðar 10. áratugar 20. aldar. Lóðrétt gluggabönd á vesturhlið, norður- og suðurgöflum einkenna útlit hússins.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt. Stendur á brún klettaskálar til vesturs, er nokkuð áberandi frá Sævarhöfða og liggur vel í landinu.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið er að mestu upprunalegt að gerð að frátöldum smávægilegum útlitsbreytingum á austurhlið.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs til hátt varðveislugildi.** Iðnaðarhúsnæði sem hefur þróunarmöguleika og gæti fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð.


Byggingarár **1968**

Funahöfði 7

Fyrsti eigandi Miðfell hf.

Hönnun Jósef Reynisson arkitekt

Upphafleg notkun Verkstæðis- og skrifstofuhús





Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggingarnar sem hér um ræðir voru reistar fyrir fyrirtækið Miðfell eftir teikningum Jósefs Reynissonar arkitekts árið 1968 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða tvær samliggjandi byggingar sem mynda einskonar vinkil. Önnur byggingin snýr vesturhlið að Breiðhöfða en hin norðurhlið að Stórhöfða. Aðalinngangur bygginganna snýr að Funahöfða. Starfsemi innan bygginganna er tvíþætt. Byggingin sem liggur meðfram Breiðhöfða er verkstæðishús en byggingin sem liggur meðfram Stórhöfða hýsir skrifstofur.

Þrátt fyrir sameiginlegt byggingarár bygginganna í Fasteignaskrá virðist sem þær hafi ekki verið byggðar á sama tíma. Verkstæðisbyggingin sem liggur Breiðhöfðamegin er risin 1971 en skrifstofuhúsið sést ekki fyrr en 1975 (Borgarvefsjá).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar verkstæðis- og skrifstofubyggingar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengjast sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs til hátt gildi. Byggingarnar eru hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem myndar heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsin virðast upprunaleg.

Varðveislugildi: **Húsin hafa miðlungs varðveislugildi.** Þau eru hluti af samfelldri og reglufastri röð iðnaðarhúsa sem mynda heilsteypta götumynd en það byggðarmynstur er einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða.


Byggingarár **<1979**

Funahöfði 9

Fyrsti eigandi Miðfell hf.

Hönnun Leifur Hannesson verkfræðingur

Upphafleg notkun Iðnaðar- og geymsluhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steyptar einingar	Tvílyft	2002	Útistigahús	Hróbjartur Hróbjartsson	arkitekt
Klæðning	?			Geymsla á lóð		
Þakgerð	Mænisþak			Útlitsbreyting		
